7. TÖLUBLAÐ 40. ÁRGANGUR
MIÐVIKUDAGUR 31. MAÍ 2023

SJÓARINN

MANNLÍF

BAKSÝNISSPEGILLINN • MATGÆÐINGURINN • STÆKKUNARGLERIÐ • VIÐTÖL • NEYTANDINN • SAMFÉLAGIÐ



Uppgjör Guðbjarts Ásgeirssonar á Guðbjörgu ÍS:

„Það var alltaf sjórinn"

Salan á Guðbjörgu til Samherja

„Það var ekki gæfuspor"

Skriflegt samkomulag brotið

„Þá var ég bara rekinn"

MANNLÍF

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Reynir Traustason
Útgáfu- og auglýsingastjóri: Katrín Guðjónsdóttir
Fjármálastjóri: Guðrún Gunnsteinsdóttir
Ljósmyndari: Kazuma Takigawa
Forsíðumynd: Jónína Guðbjörg Guðbjartsdóttir

Blaðamenn: Björgvin Gunnarsson, Harpa Mjöll Reynisdóttir, Katrín Guðjónsdóttir, Lára Garðarsdóttir, Svanur Már Snorrason, Svava Jónsdóttir

Umbrot: Lára Garðarsdóttir

Útgáfufélag: Sólartún ehf.

Í góðum málum / slæmum málum 2
Leiðarinn 4
Fjölmiðlapistillinn 6
Neytandi vikunnar 8
Sjávarklasinn 10
Þetta er vont en það venst 12
Ertu eitthvað rugluð? 16
Forsíðuviðtal 20
Getur verið afl sem enginn ræður við 32
Taramar kynning 38
Ég stakk mér í sjóinn og náði honum 40
Við erum aldrei ein úti á sjó 42
Barn á sjó 46
Eylíf kynning 48
Leikhúsgagnrýni 50
Sinn eigin herra 54
Útivist 56
Stækkunargler 58
Vín og matur 60
Síðast, en ekki síst 62



SKINNEY-ÞINGANES HF. ÓSKAR SJÓMÖNNUM OG FJÖLSKYLDUM ÞEIRRA TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN

Í GÓÐUM MÁLUM

Umsjón: Björgvin Gunnarsson



Fólk sem elskar gott slúður er í mjög góðum málum um þessar mundir. Nóg er af safaríkum sögusögnum og sannindum um fræga og fallega fólkið á Íslandi, nú sem fyrr en síðustu vikur hafa verið ívið bitastæðari en áður. Malaga-fanginn Kleini byrjaði með fitness-drottningunni Hafdísi Björgu en svo var það búið viku seinna. Eða hvað? Nokkrum dögum eftir að þau voru sögð hætt saman, voru þau búin að tilkynna samband sitt á Facebook og farin að birta uppstilltar paramyndir á Instagram.

Vítalía Lazareva er einnig búin að vera mikið á milli tannanna á fólki undanfarið ár en fréttir af henni undanfarið hafa vakið gríðarlega athygli en hún er sögð vera starfsmaður apóteks sem fletti frægu fólki upp í lyfjaskrá í óleyfi. Þá fullyrti DV að hún sé enn og aftur tekin saman við Arnar Grant og þau flutt saman í íbúð í Garðabæ. Maður svitnar bara við að skrifa þetta. Svo má ekki gleyma Svölu og Alexander sem er betur þekktur undir hinu ofur svala gælunafni Lexi Blaze. Þau eru dugleg að tjá ást sína á hvoru öðru á Instagram og auglýsa samband sitt með fínum árangri. Já, nú er gaman að vera til ef maður lifir fyrir sögur af lífi annars fólks, hvort sem það er filterað eða ekki.

Í SLÆMUM MÁLUM



Húsdýr eru í slæmum málum miðað við fréttir undanfarnar vikur, að minnsta kosti sumsstaðar á landinu. Fjölmargar sögur hafa birst í fréttum af kindum, hestum og kúm sem illa hefur verið farið með og undanfarið hefur ný saga sprottið upp nær vikulega. Nýjustu dæmin eru frá Skagafirði, þar sem kýr óðu mykju upp að hnjám, frá Mosfellsdal þar sem áhyggjufullur einstaklingur tilkynnti illa farin hross, frá Arnarfirði fyrir vestan þar sem kvartað var til MAST vegna illrar meðferðar á hrossum. Þá er nýjasta dæmið frá Borgarfirði en þar hafa kindur verið sagðar á hálfgerðum vergangi og beri lömb undir berum himni á meðan svangir hrafnar og refir hringsóla í kring. Á einni ljósmyndinni sem tekin var af kind í Þverárhlíðinni, virtist sem hún væri með níðþunga, margra ára gamla ull á sér. Dýraverndarsinnar hafa verið duglegir að fylgjast með slæmri meðferð á búfénaði og tilkynnt það til Matvælastofnunar. MAST hefur hins vegar verið gagnrýnt harkalega síðustu misserin fyrir að taka ekki eða illa á málum. Sjálf segist stofnunin fara eftir lögum og reglum og að sum mál séu viðkvæmari en önnur en að hún stígi alltaf inn í ef talið er að illa sé farið með dýr. En samt sem áður koma þessi mál upp aftur og aftur, oftar en ekki hjá sömu bændunum.



Tryggðu þér áskrift
á www.tv.mannlif.is



Guðbjörgin. Mynd: aflafréttir.is

Leiðarinn
Reynir Traustason

Þegar Samherji gleypti Guðbjörgu

Sala togarans Guðbjargar ÍS 46 frá Ísafirði var sláandi dæmi um afleiðingar kvótakerfisins fyrir veikari byggðir landsins. Hagræðing í greininni varð til þess að stóru fiskarnir átu litlu fiskana. Útgerðir sameinuðust og skip fengu nýja heimahöfn.

Frá einhverjum sjónarhornum er hagræðingin af hinu góða. Hagstæðari rekstur leiðir af sér betri afkomu og fyrirtæki sem áður voru baggi á ríki og sveitarfélögum urðu sjálfbær. En þetta er alltaf spurning um það hvernig yfirtaka og samruni fyrirtækja á sér stað. Er um að ræða fjandsamlega yfirtöku eða gerist allt í sátt og samlyndi? Heiðarleikinn þarf að vera ríkjandi.

Sagan af því þegar flaggskip Vestfirðinga var yfirtekið af Samherja er sögð í forsíðuviðtali við Guðbjart Ásgeirsson, fyrrverandi skipstjóra Guðbjargar ÍS sem í fyrsta sinn segir söguna af fjandsamlegri yfirtöku skipsins. Skipið var gert út af útgerðarfyrirtækinu Hrönn sem var að stærstum hluta í eigu föður Guðbjarts, Ásgeirs Guðbjartssonar, Geira á Guggunni. Hann og meðeigendur hans höfðu gert út frá Ísafirði í áratugi með góðum árangri. Þetta byrjaði með trébáti og endaði í fullkomnasta togara á Íslandi og jafnvel í heimi. Guggan var ævinlega á meðal aflahæstu skipa landsins. Gula skipið, eins og hún nefndist, var stolt allra Vestfirðinga og undirstrikaði kraft og dugnað heimamanna við að sækja fisk í sjó. En svo kom reiðarslagið.

> ”
>
> ***En svo kom reiðarslagið***

Sú frétt kom sem þruma úr heiðskýru lofti að Samherji á Akureyri hefði gleypt gula skipið með manni og mús. Eigendur Hrannar höfðu afhent Samherjamönnum flaggskipið. Lykilhlutverk í sölunni lék Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Ísafirði og frændi Samherjamanna. Hann átti síðar eftir að verða stjórnarformaður Samherja og svo sjávarútvegsráðherra og var þá skilgreindur af Samherjamönnum sem „okkar maður“. Guðbjartur Ásgeirsson var skipstjóri á Guggunni þegar salan átti sér stað. Hann segir frá því í viðtali við Sjóarann hvernig söluna bar að. Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, hafði lofað eigendunum því að skipið yrði áfram gert út frá Ísafirði. Undirritað var skjal sem staðfesti þann ásetning og átti að tryggja veru skipsins í heimahéraði. „Guðbjörgin verður áfram gul og gerð út frá Ísafirði,“ sagði forstjórinn við þetta tækifæri. Þáverandi meðeigandi hans, Þorsteinn Vilhelmsson skipstjóri, sagði í viðtali við Mannlífið að hann hefði ekki verið sáttur við þetta loforð. Það kom enda á daginn að engin innistæða var fyrir því og svikin blöstu við.

Gubjartur segir frá því í viðtalinu að það hefði verið grandaleysi eigendanna sem réði því að gengið var til samninganna. Þeir trúðu því af einlægni að staðið yrði við gefin loforð og samruninn yrði byggðarlaginu til góðs. Nýir eigendur Guðbjargar ÍS sigldu undir fölsku flaggi. Guðbjarti var boðin staða áfram sem skipstjóri. Fljótlega kom á daginn að skipinu var ætluð önnur heimahöfn en Ísafjörður. Guli liturinn hvarf og skipinu var flaggað úr landi. Niðurlægingin var fullkomnuð og gula skipið var horfið út í hafsauga. Seinna lét Þorsteinn Már reka Guðbjart úr starfi sem skipstjóri og sagan var öll. Hann hafði ekki manndóm til að reka skipstjórann sjálfur.



Óheiðarleikinn í yfirtökunni á Guðbjörgu ÍS blasir við. Erfitt er að átta sig á því hvað annað vakti fyrir Þorsteini Má á sínum tíma þegar hann skrifaði undir samning um að gera út frá Ísafirði. Við blasir að hann ætlaði sér aldrei að standa við samninga. Hann vildi fyrst og fremst komast yfir kvótann sem eigendur og áhöfn Guðbjargar ÍS höfðu byggt upp með dugnaði og elju. Honum tókst það svo sannarlega og Vestfirðingar sátu uppi með svikin loforð. Sá forni útgerðarstaður Ísafjörður sat uppi með það áfall að missa stóran hluta kvóta síns yfir í annan landshluta. Gula skipið var horfið varanlega af staðnum um það leyti sem blekið þornaði á samningunum. Lygin hafði sigrað.

Í öllum samskiptum er talið nauðsynlegt að heiðarleiki ráði för. Orð skulu standa og skriflegir samningar eiga að halda. Öll loforð voru brotin í þessu máli og sviðin jörð skilin eftir þar sem áður ríkti góðæri. Það getur ekki verið neitt athugavert við það að sameina fyrirtæki og útgerðir ef sannleikurinn er uppi á borðum og heiðarleikinn ræður för. Saga Guggunnar og endalok útgerðarinnar eru einn svartasti bletturinn á sögu sjávarútvegs. Grandalausir menn blekktir til þess að selja í burt lífsbjörg byggðarlags sem þeir höfðu gefið ævistarf sitt, blóð og svita. Þetta var þyngra en tárum taki. Samherjamenn hafa undanfarin ár gengið um dimma dali. Sakaðir um mútur og svik í fjarlægum löndum. Guðbjartur Ásgeirsson segir í viðtalinu að hann felli ekki dóma yfir þeim. Þeir skrifi sögu sína sjálfir. Það eru orð að sönnu.

Traustur félagi í sjávarútvegi

Skeljungur hefur þjónað sjávarútveginum og smábáta-eigendum í tugi ára. Skeljungur óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn.



Skeljungur



Svanur Már Snorrason

Dalton, Timothy Dalton

Timothy Dalton er minn James Bond og ef ég heyri einu sinni enn að Sean Connery sé hinn eini sanni James Bond þá gubba ég upp í mig og kyngi því öllu.

Hinn eini sanni James Bond er ekki til – bara uppáhalds.

Þegar Timothy Dalton tók við hlutverki James Bond af Roger Moore var hann svo ferskur að það brakaði í honum; frumraunin frá árinu 1987, The Living Daylights, er ein af uppáhalds Bond-myndunum mínum.

En það var ekki bara Dalton að þakka þetta með ferskleikann, heldur var farið að slá hressilega í Roger Moore – hann var úldnari í View To A Kill (skemmtileg mynd) en Sean Connery (í slöppustu Bond-myndinni) í Diamonds Are Forever.

Dalton var andstaða Moore (það liggur beinast við að bera þá saman).

Moore túlkaði Bond sem mjúkan glaumgosa með allt á hreinu sem skyrpti út úr sér fimmaurabröndurunum um leið og hann barðist við illfygli sem áttu það sameiginlegt að þrá heimsyfirráð, á meðan Dalton var glerharður og mun líkari þeim karakter sem Ian Fleming skapaði upphaflega í bókunum.

Dalton dró upp nýja mynd af njósnaranum – hans Bond er alvarlegur en ekki leiðinlegur, eins og flest alvarlegt fólk er.

Hann barðist við trúverðuga andstæðinga - vopnasala og eiturlyfjabaróna, og var í uppreisn gegn yfirmönnum sínum.

Í hinni Bond-myndinni sem Dalton lék í, Licence To Kill, frá árinu 1989, er Bond í hefndarhug og gefur skít í M og heldur í persónulega hefndaraðgerð þar sem engu er eirt. Sú mynd er sú blóðugasta og grimmasta í allri seríunni; hingað til.

Með alvarleika sínum og hörku, í bland við ómótstæðilegt bros, svartan húmor og andfélagslega hegðun, ruddi Dalton brautina fyrir Daniel Craig, sem tók við keflinu 17 árum eftir að Dalton lagði njósnaskóna á hilluna - í millitíðinni hafði Pierce Brosnan gert fína hluti.

Þá er Dalton að mínu mati besti leikarinn - hingað til - sem túlkað hefur þessa frægu söguhetju, James Bond.

Dalton dregur upp mynd af njósnara sem líður ekki vel með öll drápin sem hann hefur framið; hann er óróttur að innan – fallegur að utan – og stútfullur af dimmum hugsunum – þreyttur, en samt til í einn bardaga í viðbót. Ekki hægt að biðja um meira.

Dalton brýndi hnífana og varpaði ljósi raunsæis á hlutverkið, en Moore var rómantískur, sem passar bara ekki við karakterinn James Bond.

Þess má geta að Dalton lék áhættuatriðin sjálfur í myndunum tveimur; fór fram á ystu brún, eins og karakterinn upphaflega.

Timothy Dalton er eins raunverulegur sem James Bond og mögulegt er.

Timothy Dalton er og verður alltaf minn James Bond.

Ps: Ef ég fengi einhverju ráðið yrði Tom Hardy næsti James Bond.







Brim óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra

Til hamingju með sjómannadaginn



BRIM



Guðrún Gunnsteinsdóttir

„HÆTTUM ÁÐ TALA OG MÆTUM TIL SKIPS Á JAFNRÉTTIS-GRUNDVELLI“



Erla Ásmundsdóttir Mynd úr einkasafni.

Neytandi Sjóarans, er sjómaðurinn, Erla Ásmundsdóttir, 38 ára Eyjapæja, fædd og uppalin í Vestmannaeyjum á Eyjunni fögru og grænu. Þaðan flutti hún svo árið 2006 og settist að í Garðinum og Reykjanesbæ. Þar stoppaði hún í 10 ár en býr núna í borg óttans, Reykjavík. Erla hefur alla tíð haft mikið að sækja til Eyja, störf og tengsl við vini og fjölskyldu sína þar.

Erla hefur unnið margskonar skemmtileg störf, s.s. sem grunnskólakennari, á bar, í matvöruverslun, á leikskóla, sem sölumaður, í veisluþjónustu, sem tour guide og við kvikmyndagerð sem kokkur. Þar hefur hún verið svo heppin að hafa kynnst heimsfrægum leikurum sem komu í eldhúsvagninn til hennar uppi á fjöllum og vildu steikja sinn hamborgara eða búa til sína samloku sjálfir. „Þeir voru eins og við Eyjamenn, viðkunnanlegir, stundum söngelskir og ósköp venjulegir menn sem vildu bara frið og ró.“
Í dag starfar hún sem kokkur á ísfiskstogaranum Helgu Maríu RE1 í eigu Brims. Um borð eru 17 manns og þar er góður andi ríkjandi og samtaka hópur. Hún hef rosalega gaman að því að skemmta sér í góðra vina hópi og eiga góðar stundir með fjölskyldu sinni og vinum. Einnig hefur hún mikinn áhuga á að ferðast, bæði innan- og utanlands.

Gerir þú verðsamanburð á vörum og þjónustu?
„Fyrir heimilið... nei því miður. Ég bý ein og er mjög lítið heima þannig að ég er ekki mikið að spá í matarinnkaupum þar. Þegar ég er í landi þá er ég mikið í að styrkja veitingarhús og sjoppur bæjarins og læt þjóna og kokka dekra við mig.
En fyrir skipið hef ég mikið spáð í þetta. Ég hef lagt ágætis vinnu í að fara yfir verð og þá þjónustu sem heildsalar og verslanir bjóða uppá. Ég hef reynslu sem sölumaður hjá stórri heildsölu og kann þá list til enda. Einnig reyni ég að vera mjög dugleg við að fylgjast með tilboðum sem er verið að bjóða uppá hjá birgjum og verslunum.“

Hvernig sparar þú í matarinnkaupum?
„Ég auðvitað spara með því að versla þar sem lægsta verðið er. En ég reyni líka að vera mjög dugleg við að versla ekki inn tilbúinn mat og rétti. Frekar reyni ég að gera allt sjálf frá grunni, sósur, salöt og bakkelsi. Fiskur er ódýrt hráefni um borð í Helgu Maríu og ég nýti mér það óspart og hef fjölbreytta fiskrétti á boðstólum úr úrvals fersku hráefni beint í pottinn eða á pönnuna.
Einnig reyni ég að vera nokkuð skipulögð með matseðil og versla inn eftir honum. En ég geri samt sem áður aldrei fastan matseðil heldur reyni ég að ákveða nokkurn vegin hvað ég vil hafa í matinn næstu tvær vikurnar og versla inn eftir því. Svo ákveð ég bara daginn áður hvað skal elda.“

Endurnýtir þú? Ertu með ráð til annarra?
„Já ég reyni að gera það eftir bestu getu. Ég reyni að skipuleggja mig með sérstaklega meðlætið. Nota afgangs kartöflur í til dæmis kartöflumús eða kartöflusalat. Grænmeti nota ég alveg daginn eftir líka, annað hvort í grænmetisblöndu, súpur eða sósur. Afganga af kjöti nota ég svo mikið á samlokur eða í salöt.
Ég frysti afganga og nota þá svo þegar mér hefur dottið í hug hvað ég get gert við þá.
Á sjónum er unnið á vöktum allan sólhringinn og strákarnir taka mikið til sín í mat. Það er því ekki mikið af afgöngum þegar strákarnir eru búnir að narta í næturnarlið alla nóttina á meðan ég er í draumalandinu.“

Hvað hefur þú í huga þegar þú kaupir mat, fatnað og gjafir?
„Ég hef það alltaf í huga með matarinnkaup að reyna að kaupa sem fjölbreyttastan og næringarríkastan mat. Ég passa mig á því að vera ekki að kaupa það sem ég mun ekki nota og læt ég þá ekki tilboðin ginna mig til þess.
Ég kaupi bara góðan fatnað sem endist lengur og ég er ánægð með og læt ekki verðið eitt ráða kaupum á fatnaði. Þegar uppi er staðið þá er hagsýni í því að kaupa góðan fatnað sem endist betur þó örlítið sé meira fyrir hann greitt.
Þegar ég gef gjafir þá reyni ég að gefa fólki eitthvað sem það vantar og jafnvel eitthvað sem fólk notar dags daglega eins og snyrtivörur. En annars hef ég líka mjög gaman að því að gefa gjafir sem eru fyndnar og þær fá af og til að fylgja með.“

Hverju átt þú erfiðast með að draga úr kaupum á?
„Um borð væri ég til í að draga örlítið úr brauðkaupum og færa mig meira yfir í

hrökkbrauð og þesshättar. En strákunum finnst brauðið gott og ég bara get ekki neitað vinnandi mönnum um alvöru þrumara með þverhandarþykku smjöri og 10 ostsneiðum. Ég er sjúk í kjóla og mætti ég draga úr kjólakaupum. En ég er með 52 fancy friday og 30 daga sem ég kalla „Í kjólum fram að jólum." Þetta gera 82 daga sem ég er aldrei í sama kjólum og það kallar á töluverðan lager."

Skiptir umhverfisvernd þig máli?
„Já auðvitað gerir hún það en ég mætti því miður bæta mig verulega í þeim málum. Ég hef unnið um allt Ísland frá fjöru og inn á hálendi og þekki reglur kvikmyndagerðarinnar um umgengni við landið. Virðing fyrir náttúrunni er mér í brjóst borin í fallegasta eyjaklasa í heimi, Vestmannaeyjum. Það er gott nesti út í lífið og hér á sjónum flokkum við allt rusl, plast, pappa, dósir, matarúrgang og almennt sorp. Kolefnisspor fiskveiða við Ísland hefur minnkað um 50 prósent á liðnum 15 árum með fullkomnari og færri skipum, vélbúnaði og léttari veiðarfærum. Við sjómenn leggjum fram okkar skerf fyrir kolefnisbókhald þjóðarinnar."

Annað sem þú vilt taka fram?
„Ég vil hvetja konur til að taka í auknum mæli þátt í sjómennsku. Á sjó eru í boði góð laun, góður vinnutími með mörgum frídögum. Mér finnst að of margar konur tali of oft um hvað konur eiga að gera en vilja svo sjálfar ekki taka þátt í karlastörfum sem við getum hæglega sinnt. Ef eitthvað er að marka okkur eigum við að láta öll störf verða okkar vettvang, störf fyrir konur og karla. Við erum alvöru sjómenn og gefum ekki neinum neitt eftir. Hættum að tala og mætum til skips á jafnréttisgrundvelli."

Að lokum deilir Erla með okkur gómsætri uppskrift sem er í miklu uppáhaldi hjá henni.

„Ég er mjög dugleg að elda fisk hér um borð eða um 5-7 sinnum í viku. Það hafa allir gott af því að fá fisk og finnst strákunum steiktur fiskur alltaf rosalega góður. En uppá síðkastið þá hef ég verið að kynna fyrir þeim Tígrisrækjupasta sem er í miklu uppáhaldi hjá mér og vil ég deila með ykkur uppskriftinni.
Ég vinn samt rosalega lítið með uppskriftir og er mikill slumpari þegar kemur að matseld en ég skal reyna mitt besta að hafa hlutföllin rétt."



Tígrisrækjupasta

1 kg Tortellini pasta
1 kg Tígrisrækjur
7 msk rifinn parmesan
2 hvítlauksrif (fínsöxuð)
2 stk ferskur chili
4 msk saxað koríander (má sleppa)
1 rauð paprika (smátt skorin)
1 rauðlaukur (smátt skorinn)
1/2 líter rjómi
Rjòmaostur
Smá hvítvín
Grænmetiskraftur
Salt og pipar

Aðferð:
1. Sjóða pastað eftir leiðbeiningum
2. Steikja rækjurnar á pönnu uppúr smjöri í ca 2 mín. Bætið svo ferskum chili, hvítlauk, koríander og hvítvíni við.
3. Bætið svo papriku og rauðlauk saman við.
4. Hellið rjómanum útí, rjómaosturinn og parmesan sett með og látið malla í smá stund. Grænmetiskraftur, salt og pipar eftir smekk.
5. Í lokin fer soðna pastað útí og öllu blandað vel saman.

Borið fram með góðu hvítlauksbrauði og fersku salati.


Svava Jónsdóttir









Sjávarklasinn

Tækifæri til að sækja enn fastar fram

Um 70 fyrirtæki og frumkvöðlar tilheyra Sjávarklasanum. „Þó Sjávarklasinn sé vissulega físískt bundinn í húsnæðinu við Grandagarð þá held ég að brautryðjendahlutverk hans felist helst í því að hafa náð að koma 100% nýtingu afurða og nýsköpun tengdri hafinu á kortið," segir Heiða Kristín Helgadóttir, verðandi framkvæmdastjóri Sjávarklasans.

Sjávarklasinn var stofnaður árið 2012 með það fyrir augum að skapa samfélag fyrirtækja, frumkvöðla og annarra sem starfa í haftengdri starfsemi og auka þannig samtal og samvinnu um aukna verðmætasköpun og fullnýtingu sjávarafurða. „Þór Sigfússon, stofnandi klasans, á mikinn heiður skilið fyrir að hafa rutt brautina fyrir klasahugmyndafræðinni á Íslandi og sér í lagi fyrir að hafa haldið þessari sýn á lofti í sjávarútveginum og bláa hagkerfinu almennt," segir Heiða Kristín Helgadóttir, verðandi framkvæmdastjóri Sjávarklasans. „Ótal fyrirtæki og frumkvöðlar hafa stigið sín fyrstu skref í Sjávarklasanum og komist þar í kynni við sér reynslumeira fólk eða búið til tengingar sem hafa skapað ný vaxtartækifæri."

Í upphafi voru fyrirtækin í kringum 10 en í dag telur þetta net yfir 70 fyrirtæki og frumkvöðla. Heiða segir að hugmyndafræði hússins hafi sannað sig og sé orðin að útflutningsvöru í sjálfu sér, enda heimsæki fjöldi innlendra og erlendra gesta klasann ár hvert auk þess sem samsvarandi hús hafa verið opnuð í Bandaríkjunum og Danmörku.

Fyrirtækin spanna nokkuð vítt svið; allt frá því að vera fjarskrifstofuaðstaða fyrir stærri fyrirtæki eins og Marel yfir í að vera rými fyrir frumkvöðla sem eru komnir af stað með sína hugmynd og þurfa stað til að hugsa og líka tala við fólk. Svo er það þannig að það virðast engin takmörk fyrir því hvort það sem tengist vatni, hvort sem það er tengt hafinu eða ekki, getur leitt okkur. Þannig erum við með fyrirtæki hjá okkur sem eru að búa til snyrtivörur, fæðubótarefni eða hugbúnaðarlausnir fyrir skip.

Það sem hefur sannarlega tekist er að skapa vettvang þar sem nýjar hugmyndir fá að blómstra og þar sem fólk getur fundið sína líka, fengið speglun og myndað tengingar. Þó Sjávarklasinn sé vissulega físískt bundinn í húsnæðinu við Grandagarð þá held ég að brautryðjendahlutverk hans felist helst í því að hafa náð að koma 100% nýtingu afurða og nýsköpun tengdri hafinu á kortið. Vissulega kemur margt til og það eru margir fletir í hringrás bláa hagkerfisins en ég tel að Þór og hans fólki í Sjávarklasanum hafi tekist á árangursríkan hátt að búa til tilfinningu um að nýting okkar á sjávarafurðum sé mikil og að hliðarafurðir séu verðmætar. Þetta hljómar kannski eins og einföld upptalning á staðreyndum en það er alls ekki sjálfsagt í upplýsingaofgnótt samtímans að orðspor og hugmyndir fólks um fyrirbæri eins og Sjávarklasann sé skýr. Í þessu felast tækifæri til að sækja enn fastar fram og nýta þessa jákvæðu strauma til að gera enn betur. Nýlegar kannanir um hugmyndir fólks um sjávarútveginn eiga að vera greininni umhugsunarefni og þá skiptir stærð úrtaksins og umgjörð spurninganna ekki öllu máli heldur það, sem við finnum mörg sem fáum tækifæri til að kynnast sjávarútvegi, að það býr svo margt gott í þessari atvinnugrein og hún hefur svo mikla möguleika til að stækka og vera okkur öllum til sóma. Ég tel grasrótarstarfið sem

unnið hefur verið í Sjávarklasanum undanfarinn áratug vera mjög frjóan og jákvæðan jarðveg fyrir fólk, fyrirtæki og stofnanir sem hafa snertingu við hafið og eldi. Það er staðreynd að almenningsálit tengt sjávarútvegi og eldi er oft og tíðum ekki í miklu samhengi við þau verðmæti sem þessar atvinnugreinar skila til samfélagsins og ég tel Sjávarklasann og það sem hann stendur fyrir vera mjög mikilvæga rödd og góðan vettvang til að leiða saman ólík sjónarmið og stilla áttavitann til framtíðar með fókus á nýtingu og verðmætasköpun því þar liggja enn mikil tækifæri og verðmæti fyrir okkur öll.

Fáar greinar hafa vaxið jafnhratt á Íslandi og atvinnugreinar sem telja má til hliðarafurða í sjávarútvegi. Þar má til dæmis nefna fyrirtæki eins og Kerecis sem hefur átt mjög mikilli velgegni að fagna og er að leysa raunveruleg stór vandamál í umönnun sjúklinga á risamörkuðum með hugvitið og þorskinn að vopni. Tækifærin okkar liggja í því að fóstra næstu fyrirtæki sem hafa möguleika til að gera slíkt hið sama og byggja það á enn dýpra samtali ólíkra aðila sem tengjast í gegnum hafið og vatnið. Sjávarklasinn á að vera leiðandi þar vegna þess að við höfum reynslu og þekkingu en líka ákveðið forskot því að sú hugmyndafræði sem unnið er eftir miðar öll að því að auka verðmæti með því að brjóta niður múra, auka flæði á milli fólks og hugmynda og hvetja til dáða."

Ráðgjöf við frumkvöðla

Heiða segir að það hafi alltaf verið lögð rík áhersla á það í Sjávarklasanum að fólk komi saman og kynnist. „Þannig erum við til dæmis alltaf með morgunkaffi á föstudögum og fyrirtækin í húsinu eru hvött til að hafa ekki sína eigin kaffivél á skrifstofunni. Húsið er hugsað sem staður þar sem fólk á að tala saman og vera opið fyrir því óvænta. Svo hefur í gegnum tíðina verið lögð áhersla á að sinna ráðgjöf við frumkvöðla og líka að taka þátt í rannsóknum og alþjóðlegum verkefnum um haftengda starfsemi. Þar erum við kannski helst að sækja í okkur veðrið því við erum í dag að taka þátt í fjölmörgum samvinnuverkefnum og komum þar að með okkar áherslur og nálganir um nýtingu og aukna verðmætasköpun. Eitt slíkt er verkefni sem við erum að vinna sem heitir „Vötnin miklu" (Great Lakes) sem er samheiti yfir fimm stór stöðuvötn á eða við landamæri Kanada og Bandaríkjanna. Hópur frá fylkjum sem umlykja vatnið heimsótti Sjávarklasann árið 2018 og sýndi verkefnum klasans í fullnýtingu mikinn áhuga. Klasinn fékk til liðs við sig öflug innlend samstarfsfyrirtæki úr tækni, rannsóknum og fullvinnslu og þegar eru komnar fram lausnir út frá þeirri samvinnu sem byggja á íslenskri tækni og reynslu. Í þessari vinnu hefur skipt sköpum að hér hafa byggst upp einhver öflugustu tæknifyrirtæki heims í vinnslu, rannsóknarstofnanir á borð við Matís og margháttuð reynsla úr sjávarútveginum."

Heiða segir að með haustinu muni þeim fyrirtækjum fjölga sem mynda nokkurs konar bakvarðasveit klasans og styrkja það net enn frekar því það felist mikil tækifæri í því að fólk hafi vettvang til að deila hugmyndum og komast í tengsl við nýjar nálganir. Ekki síst fyrir þau sem lengra eru komin.



Nokkuð pólitísk

Bakgrunnur Heiðu er í grunninn úr pólitík. „Ég er menntaður stjórnmálafræðingur og hóf óvænt afskipti af stjórnmálum í gegnum Besta flokkinn árið 2010. Ég gerðist kosningastjóri flokksins snemma á því ári og fólst starfið einna helst í því að vera viðmælandi í útvarpþættinum Tvíhöfða og tala um hvernig flokkurinn var að fara að vinna stórsigur. Svo þróaðist það bara nákvæmlega þannig. Þannig að ég hef mikla trú á því að með góðri samvinnu fólks, réttri tímasetningu og ákveðinni tilfinningagreind sé hægt að gera ótrúlegustu hluti. Sú reynsla og vissa hefur svo leitt mig út í alls konar. Ég hætti afskiptum af pólitík árið 2016 og fór af stað í að stofna nokkur fyrirtæki. Eitt var Niceland Seafood sem seldi íslenskan fisk á neytendamarkaði í Bandaríkjunum. Samhliða því þróuðum við rekjanleikahugbúnað til þess að geta staðfest fyrir neytendum hvaðan varan kom og hvernig hún ferðaðist til þeirra. Þessi þróun varð svo að markaðsfyrirtækinu Digiphy sem í dag vinnur með fjöldanum öllum af fyrirtækjum, aðallega í Bandaríkjunum, við að gera neytendapakkningar að stafrænni gátt fyrir markaðsefni og bein, milliliðalaus samskipti við neytendur sem er alltaf að verða takmarkaðari auðlind. Ég hef því haft góða snertingu við sjávarútveginn um nokkurt skeið og þá sérstaklega markaðsendann og neytendur. Þar tel ég að mikil tækifæri liggi óhreyfð og sé fram á að nota þá reynslu mína til gagns. Þó þetta sé vissulega tækifæri þá krefst það mikillar fjárfestingar og ákveðinnar sérhæfingar en það sagði enginn að þetta ætti að vera auðvelt."

Heiða segist í eðli sínu vera nokkuð pólitísk og eiga erfitt með að slökkva alveg á því heilahveli. „En það er alls ekki svo að ég sjái fyrir mér að breyta Sjávarklasanum í pólitískan vettvang, bara alls ekki, heldur tel ég reynslu mína úr pólitík einmitt geta nýst klasanum til góðs því ég fylgist nokkuð vel með og reyni eftir fremsta megni að skilja ólík sjónarmið. Stundum finnst mér það helst standa í vegi fyrir framþróun á Íslandi hvað við erum oft föst í sömu hjólförunum. Þannig vona ég að ég geti lagt mitt lóð á vogarskálarnar til að koma því betur til skila hvað við eigum mikið undir í sjávarútvegi og -eldi sem þjóð og hvar tækifærin liggja og hvað það skiptir okkur miklu máli til framtíðar að taka utan um þá raunverulegu tilfinningu margra að svo sé ekki. Þar tel ég Sjávarklasann eiga erindi og ég mun gera mitt besta til að halda áfram að ryðja brautina sem nú þegar er komin mjög vel á veg."

Sunna Jónsdóttir



Þetta er vont en það venst

Erna Björk Svavarsdóttir er gift stýrimanni á frystitogara og hefur hún þekkt líf sjómannskonunnar frá því þau kynntust og hvernig það er að sakna. Erna Björk talar meðal annars um áhrif fjarveru fjölskylduföðurins á fjölskylduna, hvers þau og hann fara á mis og hvað það er gaman þegar hann kemur í land. Hún talar líka um lífsháskann sem eiginmaðurinn lenti í á sínum tíma ásamt skipsfélögum sínum.

Erna Björk Svavarsdóttir var rúmlega tvítug og einstæð móðir þegar hún sagði við vinkonu sína að það myndi henta sér vel að kynnast sjómanni utan af landi sem ætti helst engin börn eða í mesta lagi eitt. „Ég var orðin voða þreytt á þessum karlmönnum í Reykjavík. Svo kynntist ég sjómanni utan af landi sem átti eitt barn," segir Erna Björk sem er gift þriggja barna móðir og á hún eitt stjúpbarn og tvö barnabörn. Hún fór nefnilega í apríl árið 1996 niður í miðbæ Reykjavíkur að kvöldi til með vinkonu sinni sem bjó úti á landi og var nýkomin í bæinn. Þá hitti hún ástina í lífi sínu, stýrimanninn Einar Ármannson sem er frá Neskaupstað og sem átti þá eitt barn. Þau sáu hvort annað á skemmtistað en hún tekur fram að hún hafi ekki verið í makaleit.

„Við horfðum á hvort annað og það var eitthvað sem gerðist. Ég leit undan og vinkona mín sagði að hann horfði enn á mig en ég sagði að það skipti engu máli; kvöldið snerist um hana. Við settumst niður og hann horfði ennþá. Hann kom síðan að borðinu og spurði hvað ég héti. Ég sagði: „Heyrðu, það eru engir karlmenn velkomnir við þetta borð." Hún hlær. „Þá sagði hann: „Einar heiti ég. Hvað heitir þú?" Ég sagði honum það og hann spurði þá hvað við ætluðum að vera þarna lengi og ég sagði að við yrðum þarna í um 15 mínútur og ætluðum að drekka úr glösunum sem við vorum með. Hann sagði þá: „Sjáumst eftir 14 mínútur."

Einar mætti aftur að borðinu um 14 mínútum síðar og síðan var ekki aftur snúið.

Einar bjó í Neskaupstað og fór hann austur en kom aftur suður helgina á eftir til að hitta Ernu Björk.

Hún fór svo fljótlega austur og hitti þar foreldra hans. Á leiðinni suður í maí spurði Einar Ernu Björk hvort þau ættu ekki að trúlofa sig og hún var til í það. Þau óku beint niður á Laugaveg þegar þau voru komin til borgarinnar og voru komin í skartgripaverslun nokkrum mínútum fyrir sex þar sem þau völdu trúlofunarhringa.

Erna Björk og Einar trúlofuðu sig 11. maí. Þau giftu sig svo í janúar 1997 og eignuðust tvíburadætur sínar í nóvember sama ár.

Ein með veik börn

Einar hefur verið sjómaður frá því

á unglingsárunum en hann er stýrimaður að mennt og er nú annar stýrimaður á frystitogara.

Túrarnir geta verið frá 28 dögum upp í 40 daga. „Oftast hefur þetta verið um mánuður en svo hefur kerfið verið misjafnt. Fyrst fór hann í þrjá túra og var í fríi í einn. Svo breyttist það í tvo túra og frí í einn og núna er það einn og einn.

Sumum finnst sjómannskonulífið vera æðislegt og sjá fyrir sér sjómenn á brjálæðislegum launum. Málið er að sjómannskonur eru bæði húsmóðirin og húsbóndinn; maður er þetta tvennt 24/7. Alltaf. Þegar við Einar byrjuðum saman þá pöntuðum við símtal hjá Loftskeytastöðinni til að hann gæti hringt í mig og svo þurftum við að tala þannig saman að fólk skildi okkur ekki vegna þess að aðrar áhafnir heyrðu hvað við vorum að segja. Ef það var eitthvað leyndarmál í gangi sem enginn mátti vita um þá þurfti maður að tala undir rós eins og til dæmis þegar ég kom úr fyrsta sónarnum, sem Einar missti auðvitað af, þá var ég að reyna að segja honum svo enginn skildi okkur að ég væri ófrísk að tvíburum en ekki einu barni."

Það var oft erfitt að vera ein heima vikum saman með þrjú börn á meðan Einar var á sjónum og segir Erna Björk að það hafi verið sérstaklega erfitt þegar börnin voru veik og nefnir hún að dæturnar hafi verið „eyrnabörn" og að hún hafi alltaf verið með annan fótinn hjá eyrnalækni. „Við fluttum suður vegna veikinda þeirra," segir hún en fjölskyldan bjó um tíma í Neskaupstað. „Mamma og pabbi komu sterkt til hjálpar eftir að við fluttum suður. Ég fékk bara sjö daga á ári sem „veikindadag barna" og þegar Einar kom heim og börnin voru veik þá var ég svo glöð að geta mætt í vinnu og hann var heima hjá þeim. En það var ekki oft sem það gerðist. Það var svolítið erfitt að vera ein allan sólarhringinn með veik börn. Og maður svaf lítið þannig að það tók svolítið á. Það sem mér fannst erfiðast í þessu sjómannslífi var að sjá um allt ein eins og í veikindum þegar um var að ræða svona langvarandi veikindi."

Þessi söknuður

Erna Björk talar um söknuðinn.

„Það er rosalega erfitt að kveðja hann. Þetta er vont en það venst en það venst samt hægt. Það sama er að segja um hann þegar hann er að fara frá okkur."

Hún talar um tilfinninguna þegar það styttist í að Einar fari á sjóinn og svo spenninginn sem hún finnur fyrir þegar það styttist í að hann komi í land. „Svo vandist það þegar hann var farinn á sjóinn en það var samt alltaf þessi söknuður. Einar hefur talað um að hann verði örari og viðþolslaus áður en hann fer á sjóinn; þegar hann er búinn að vera í góðu fríi með okkur fjölskyldunni er alltaf erfitt að fara frá okkur. Við erum búin að koma upp góðri rútinu hjá okkur sem hann tekur þátt í sem fjölskyldufaðir og er alltaf leiðinlegt að kveðja það. En við ræddum oft um þetta en svo er hann alltaf jafnspenntur þegar hann er að koma í land eins og ég er. Það er alltaf gaman."

Hvað með áhrif sjómennskunnar á sambandið?

„Ég held að það sé kannski gott að vissu leyti en ekki að vera fjarverandi svona lengi. Þetta er ekki fyrir allar konur og margar konur geta þetta ekki og hafa menn hætt á sjónum. Ég veit ekki hvað það er en ég var tilbúin í þetta verkefni og við elskum hvort annað. Ég held að það sé alltaf gott að sakna einhvers; alveg eins og þegar farið er í ferðalag þá er alltaf gott að koma heim. Það skiptir máli að halda samskiptunum við makann þegar hann er fjarverandi, upplýsa hann og treysta hvort öðru. Ég er vön að segja honum frá ef ég er að fara eitthvert eða að fara að gera eitthvað. Það er þessi skilningur okkar á milli og væntingar til hvors annars og traustið skiptir máli. Ég vil koma fram við hann eins og ég myndi vilja að hann kæmi fram við mig ef ég væri stödd einhvers staðar úti á hafi; að hann viti hvað ég sé að gera í landi hvort sem það tengist börnunum eða hvort ég var að hitta fólk eða fara í útilegur. Ég hef upplýst hann hvað við séum að gera og hverjir biðji að heilsa. Hann fær að upplifa ýmislegt í gegnum mig."



Missir af ýmsu

Einar hefur sem sjómaður misst af ýmsu sem tengist fjölskyldunni og nefnir Erna Björk að hann hafi til dæmis misst af því þegar dætur þeirra byrjuðu að skríða. „Þegar hann kom í land þegar krakkarnir voru yngri þá þurfti ég oft að upplýsa hann um það nýjasta svo sem nýjar reglur."

Svo voru dagarnir oft þaulskipulagðir þegar Einar var í landi og stundum voru þeir ekki nema þrír til fjórir. „Þetta var stundum eins og jólin og krakkarnir voru alveg að gleypa hann þannig að maður rétt hitti hann á kvöldin af því að þau voru að kaffæra hann. Þau söknuðu náttúrlega pabba síns.

Svo vorum við að reyna að eiga kvöldstund til að vera út af fyrir okkur. Það var minna mál þegar krakkarnir voru litlir og farnir snemma upp í rúm að sofa og þá gátum við átt gæðastund fyrir okkur. En við fengum líka mikla hjálp hjá mömmu og pabba og fengu krakkarnir stundum að gista hjá þeim og þá fórum við stundum út að borða eða heimsóttum vini eða vorum bara heima og njóta saman. Og svo var prógram í gangi þangað til hann fór aftur á sjóinn."

Einar er oft á sjónum á tyllidögum og á afmælisdögum. „Þegar hann er í landi á þeim dögum þá er rosalega gaman. Hann hefur alltaf komið heim fyrir jólin. Þegar hann var á togara frá Neskaupstað þá komu þeir heim á hádegi á Þorláksmessu og voru farnir á miðnætti á annan í jólum. Þeir komu svo heim á hádegi á gamlársdag og

voru farnir á miðnætti aðfaranótt 2. janúar. Við fluttum svo suður 1998 og þá fór hann að vinna hjá Granda og þá var komið í land í hádeginu á Þorláksmessu og þeir fóru ekki á sjóinn fyrr en 2. janúar. Þannig að við fengum að vera saman á milli jóla og nýárs. Það var rosaleg breyting. Það var æðislegt. Svo vitum við alltaf að þeir eru náttúrlega heima um sjómannadagshelgina og það er mjög gott að vita af því."





Erna Björk segir að Einar sakni þess að vera ekki með fjölskyldunni á ákveðnum stundum og þegar eitthvað er í gangi hvort sem það eru fjölskylduboð, afmæli eða ýmsir hittingar. „Þegar hann kemur í land þá höfum við haldið boð til dæmis ef einhver hefur átt afmæli þegar hann var á sjónum. Önnur dóttir okkar útskrifast í sumar úr skóla og hann verður ekki heima og eðlilega finnst honum það vera mjög leiðinlegt."

Hún segir að sjómennskan sé jú ekki fjölskylduvæn. „Fyrirtækin eru ekkert dugleg að koma með túraplan; þeir hafa stundum komið með sex mánuði fram í tímann þannig að við eigum stundum erfitt með að skipuleggja okkur svo sem ef skipuleggja á fjölskylduferð að ári. Ef við gerum það þá veit hann bara að hann þarf þá að leggja inn fyrir aukatúr í fríi og það getur verið bras."

Þetta er púsluspil.

„Þetta er rosalegt púsluspil og hefur alltaf verið og getur verið þreytandi. Ég er rosalega dugleg að „múltítaska"; að púsla saman hinu og þessu í fjölskyldunni."

Mamma, mamma, mamma

Aftur að börnunum sem eru orðin fullorðin. Hvernig hafa þau upplifað þessa miklu fjarveru föður síns?

„Það var eðlilega alltaf svo gaman þegar pabbi kom heim. Svo var ég náttúrlega aðaluppalandinn og stundum „grýlan" eins og maður segir af því að ég var með reglurnar. Þau söknuðu náttúrlega pabba síns og þegar hann kom heim þá fann maður alveg hvað þau sóttu í hann eins og ég talaði um. Ég var hins vegar alltaf eins og höfuð fjölskyldunnar og hef alltaf haldið utan um allt. Þau voru alltaf vön að leita til mín og ég sagði þeim oft að spyrja pabba sinn um ýmislegt af því að þau gleymdu því; það var alltaf „mamma, mamma, mamma". Einar er meira pabbinn sem kom heim og þá var alltaf skemmtilegt. Svo þegar börnin urðu eldri leituðu þau til hans til dæmis í sambandi við námið. Þegar þau urðu eldri fóru þau líka að hringja stundum í hann ef eitthvað var. En það var einmitt þetta; þau söknuðu hans en fundu að ég var þeirra stoð og stytta og leituðu oftast til mín. Vaninn var að leita til mín en eins og ég sagði þurfti stundum að benda þeim á að biðja pabba sinn um ýmislegt eða biðja hann um að skutla þeim þegar hann var í landi. Þau föttuðu þetta eftir á. Þeim finnst hann vera skemmtilegi pabbinn sem kemur heim en þeim finnst eins og ábyrgðin sé meira hjá mér."

Í lífsháska

Erna Björk hefur oft verið hrædd um Einar og nefnir hún atburð árið 2011 þegar litlu munaði að togarinn sigldi á bjarg.

„Það var brjálað veður og var ég í námsferð með vinnunni minni þegar þetta gerðist. Það var hætta á að skipið myndi sigla á bjarg. Landhelgisgæslan var að reyna að hjálpa þeim og kasta vír til þeirra sem endaði á því að Snorri Sturluson náði að kasta vírnum og draga togarann.ð var ekki vitað hvort þeir myndu lifa af. Þetta var svakalegt og það kom í fréttum að það hafi munað litlu. Það var á seinustu metrunum sem Snorra Sturlusyni tókst að kasta vírnum til þeirra. Þetta var lífsháski. Maður er þakklátur fyrir að það gerðist ekkert."

Hún segir að þegar veður er vont og Einar er á sjónum þá sofi hún illa. „Maður er alltaf hræddur. Núna getum við hins vegar sent skilaboð til hvors annars og þá líður manni betur."

Erna Björk er spurð hvað hún hafi lært af því að vera sjómannskona.

„Ég hef lært heilan helling. Ég hef lært að sjá um ótrúlega marga hluti, verða mjög sjálfstæð og koma í veg fyrir misskilning í samskiptum okkar og að halda fjölskyldulífinu gangandi. Ég hef lært að vera með yfirsýn og skipuleggja; maður þarf að vera mjög skipulagður og ég er mjög skipulögð. Ég hef líka lært hvað er gott að vera ein, hvað það er gott að sakna og að vera hamingjusöm þegar maður er með alla hjá sér og að vera þakklát fyrir það."

Hvað er hafið í augum Ernu Bjarkar?

„Ég er pínu hrædd við hafið en mér finnst það vera fallegt."



Við sendum sjómönnum öllum okkar bestu kveðjur í tilefni sjómannadagsins

Reykjavík
BBA FJELDCO ehf
Félag skipstjórnarmanna
GB Tjónaviðgerðir ehf
Gildi, lífeyrissjóður
Gleipnir verktakar ehf
Íslenska lögfræðistofan
Jómfrúin veitingahús ehf
Laugarásbíó
Lífland og Kornax
Malbikstöðin ehf
Olíudreifing ehf
Reykjavíkurborg
Sjómennt, fræðslusjóður

Kópavogur
Blikksmiðjan Vík ehf
Lind fasteignasala ehf
Rafmiðlun hf

Garðabær
Garðabær

Hafnarfjörður
Bortækni ehf
Flúrlampar ehf
Hafnarfjarðarhöfn
Svalþúfa ehf
ThorShip
Vír og lykkjur ehf

Grindavík
Þorbjörn hf

Akranes
Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar
Meitill - GT Tækni ehf

Ólafsvík
Litlalón ehf

Hellissandur
Skarðsvík ehf

Reykhólahreppur
Þörungaverksmiðjan hf

Ísafjörður
Hótel Ísafjörður hf
KERECIS ehf
Orkubú Vestfjarða ohf

Bolungarvík
Bolungarvíkurkaupstaður

Drangsnes
Fiskvinnslan Drangur ehf
Sjómannakveðja - ST 2

Blönduós
Ísgel ehf

Siglufjörður
JE Vélaverkstæði ehf

Akureyri
Eining-Iðja
Bílaleiga Akureyrar
Íslensk verðbréf hf
Slippurinn Akureyri ehf
Sportver ehf

Grenivík
Darri ehf - Eyjabiti

Dalvík
Steypustöðin Dalvík ehf

Húsavík
Tjörneshreppur

Þórshöfn
Geir ehf

Egilsstaðir
Þ.S. verktakar ehf

Reyðarfjörður
Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi

Höfn í Hornafirði
Karlsbrekka ehf

Selfoss
Hótel Skáholt

Vestmannaeyjar
Fiskmarkaður Vestmannaeyja hf
Ísfélag Vestmannaeyja hf
Skipalyftan ehf
Vinnslustöðin hf



Svava Jónsdóttir

Ertu eitthvað rugluð?



Heiðveig María Einarsdóttir er dóttir sjómanns og í kringum tvítugt fór hún á sjóinn í fyrsta skiptið. Hún kom í land þegar hún fór að eignast börn og menntaði sig en hafið kallaði á hana. Það kallaði svo hátt að hún gat ekki annað en svarað kallinu og fór aftur á sjóinn. Hún hefur undanfarið starfað sem kokkur á Helgu Maríu RE 1 sem og kokkur og háseti á uppsjávarskipinu Polar Ammassak. Tvisvar hefur hún viljað verða formaður í Sjómannafélagi Íslands. „Mér finnst þetta vera gaman. Ég heillast af þessum lífsstíl," segir hún um sjómennskuna.

Sjórinn kallaði hátt á hana og Heiðveig María Einarsdótir er spurð hver sé fyrsta minning hennar tengd sjónum. Hafinu.

„Þegar pabbi fór út á sjó eða kom heim af sjónum á Tálknafirði en hann var lengi á sjó og síðar stýrimaður og skipstjóri á bæði netabátum og togurum."

Og litla stúlkan lék sér á bryggjunni. Horfði niður í sjóinn. Fylgdist með öldunum dansa.

„Það var kíkir heima og við spáðum oft í því hvaða bátur var að koma í land hverju sinni. Ég er enn með kíki heima hjá mér og spái oft í það hvaða skip er að koma í land þegar það sést skip við sjóndeildarhringinn."

Hún segir að fólk í kringum sig segi að hún sé sjósjúk.

Bara skítsæmilegt

Heiðveig María vann að eigin sögn á grunnskólaárum við nánast allt sem viðkom fiski og dreymdi ekki sérstaklega um að fara á sjó i byrjun heldur var draumastarfið að starfa við útgerðarstjórn; sem útgerðarstjóri.

Það var ekki einungis faðir hennar sem sótti sjóinn heldur líka báðir bræður hennar. Svo er barnsfaðir hennar sjómaður.

Og hún ákvað að prófa að fara á sjóinn. Það var í kringum aldamótin.

„Ég hringdi í togara, línubáta og netabáta og það voru alls konar viðbrögð sem ég fékk. „Ertu eitthvað rugluð?" Það var hlátur. Ég hringdi samt alltaf aftur. Ég hringdi einu sinni í skipstjórana á bátunum hringinn í kringum landið og það yrði seinni tíma vandamál hvernig ég kæmist til dæmis til Hafnar í Hornafirði eða á Raufarhöfn ef maður kæmist á sjó þar."

Tíminn leið og mikið vatn hafði runnið til sjávar þegar hún fékk loks jákvæð viðbrögð. Þann dag fékk hún meira að segja jákvæð viðbrögð frá tveimur skipstjórum. „Það var annars vegar frá línubáti í Grindavík og hins vegar frá togara á Siglufirði sem var gerður út frá Flæmska hattinum. Rækjufrystitogari. Ég gat farið á honum einn túr sem kokkur og einn túr sem háseti. Tvisvar sinnum um 40 dagar og ég kaus að fara á Flæmska hattinn. Ég hafði unnið nánast öll störf í frystihúsi og vissi að ég gæti vel starfað á togara. Ég hafði



líka unnið í aðgerð í saltverkuninni og hefði því vel getað farið á línu líka. Á þessum tíma gerði ég mér þó ekki grein fyrir því hver var munurinn á þessum útgerðarflokkum, það er línu, netum eða togara; ég hafði þó í millitíðinni áður en ég fór á Flæmska farið á Ými frá Hafnarfirði í einn úthafskarfatúr."

Heiðveig María var á togaranum við veiðar á Flæmska hattinum í tæp tvö ár. „Þetta var undir lokin á rækjutímabili þannig að það var ekki einu sinni gott upp úr þessu að hafa. Þetta var bara skítsæmilegt. Þetta voru yfirleitt 28-40 daga túrar."

Fann fyrir öfund

Svo ákvað Heiðveig María að fara í land og fara að eignast börn. Þannig fór um sjóferð þá.

„25 ára gömul árið 2004 eignaðist ég mitt fyrsta barn og fór þá í nám samhliða því; grunnnámið mitt er lögfræði og svo komu seinni börnin 2009 og 2010 og þá fannst mér líka vera skynsamlegt að fara í nám og þá fór ég í framhaldsnám í verkefnastjórnun og eftir það fór ég í framhaldsnám í sjálfbærum orkuvísindum með áherslu á viðskipti og lög. Ég starfaði svo hjá Veðurstofu Íslands í nokkur ár sem verkefnastjóri yfir Evrópuverkefnum, umsóknum og innri málum og var það virkilega skemmtilegt starf með frábæru fólki."

Heiðveig María segist hafa verið farin að öfunda barnsföður sinn þegar hann var að fara á sjóinn. „Hann var á þriggja til fjögurra vikna túrum á togara." Úr varð að hún var í fimm ár í afleysingum á togara og vann fyrst um sinn til skiptis sem háseti og kokkur en síðustu ár sem kokkur og þá samhliða störfum í landi.

Eftir um þrjú ár sem afleysingakokkur á Engey og síðar á Helgu Maríu fór hana að langa til þess að starfa við þetta að fullu. „Ég fékk að finna það á eigin skinni að það er fjandanum erfiðara að fá fastráðningar á þessum skipum hjá sumum útgerðum - að minnsta kosti fyrir suma. Dugnaður, metnaður og vinnusemi virðast ekki duga til. En sem betur fer eru þessi atriði metin að verðleikum hjá sumum útgerðum; á sumum skipum."

Vildi formanninn

Heiðveig María vildi ekkert sérstaklega taka þátt í kjarabáttu og málefnum sjómanna en hún hefur einu sinni ásamt hópi fólks reynt að bjóða fram lista hjá Sjómannafélagi Íslands í kosningum sem áttu að fara fram 2018. Það fór ekki betur en svo að listanum var hafnað til framboðs vegna formgalla, að mati trúnaðarráðs félagsins að hennar sögn, og síðar var hún rekin úr félaginu sem félagsmaður. Þann brottrekstur kærði hún til Félagsdóms og vann það mál og fékk Sjómannfélag Íslands eina hæstu stjórnvaldssekt sem Félagsdómur hefur dæmt.

„Við gátum ekki einu sinni boðið fram; það var ekki einu sinni þannig að maður tapaði kosningum. Það voru endalausir steinar settir í götu okkar og endalaust verið að hjóla í manninn. Það var eins og maður væri að ógna þessum mönnum persónulega sem var aldrei raunin og aldrei markmiðið. Markmiðið var bara að geta boðið fram og geta boðið upp á val. Fólk vildi breytingar. Þetta var erfitt og tók virkilega á andlega og á þá sem voru í kringum mig eða okkur á þessum tíma. Þetta átti að vera val um nýjar hugmyndir og nýjar nálganir. Ég skildi aldrei og skil ekki ennþá af hverju það þurfa alltaf að vera svona mikil læti á milli þessara samningsaðila. Þetta voru svo mikil læti og að mínu mat oft ómálefnalegt.

Mér finnst grunnurinn í þessu vera sá að við sjómenn erum aldrei spurð. Ég fór að spá í þetta á sínum tíma. Þetta getur ekki þurft að vera svona. Það væri örugglega hægt að ná sátt í þessu.

Það sem mér þykir vera mikilvægast í minni sjómennsku er öryggi og staðfesta. Að ég viti hvenær ég fer næst og að ég viti yfir höfuð hvenær ég hef vinnu. Það er alltaf of mikil menning varðandi það hjá mörgum útgerðum að menn séu í afleysingum í mörg ár og oftast er þetta fyrirvinna heimilisins. Það sér það hver maður að það eitt og sér er mjög streituvaldandi og í raun mjög lýjandi til lengdar. Ég til dæmis hef ekki ráðið því undanfarin ár hvenær ég fer á sjó heldur þarf ég að fara eftir því hvenær sá fastráðni með pappírinn ætlar í frí.

Svo má alltaf velta því upp hvað það þurfa að vera mörg félög fyrir sjómenn og þá líka hvort það eigi að setja undir sama hatt samninga fyrir alla útgerðarflokka - mín skoðun er að svo eigi ekki að vera. Mig minnir að það séu í kringum 20 félög sem fara með málefni hér um bil 2.000 sjómanna; þá eru að meðaltali 100 sjómenn á bak við hvert félag. Það er þá kannski ekki skrýtið að það skuli vera sundrung í þessu."

Eggin og röddin

Þeim fjölgar konunum sem sækja sjóinn en hvernig upplifði Heiðveig María það í byrjun? Hvernig voru til dæmis viðbrögðin?

„Ég upplifði stundum smá karlrembu þegar ég byrjaði og maður þurfti stundum að sanna sig og ég fékk stundum verkefni sem voru eingöngu til þess að láta mig sanna mig. Ég þurfti til dæmis einu sinni að halda á hleraskó á milli bak og stjór en venjulega er notaður krani til þess að flytja þá almennt; ég varð bara að geta þetta. Jú, ég gat þetta, ekkert endilega á styrknum heldur kannski meira á



Ljósmynd / Aðsend

þrjóskunni. Það er vissulega alveg kannski líka gott að vera sterkur en ágætis bland að vera lipur og geta stundum hreyft sig hratt. "

Hún segist aldrei hafa orðið fyrir áreitni en hefur einu sinni verið sýnd óþægileg framkoma á sjó. „Þá kom ég mér út úr þeim aðstæðum. Mér er yfirleitt sýnd meiri virðing ef eitthvað er. Það er einhvern veginn passað upp á mann. Það er mín upplifun. Skipsfélagar mínir standa frekar á bak við mig en mér er ekkert hlíft við verkefnum."

Hún segir að það að vera kokkur á sjó sé meira en að segja það. „Það skiptir engu hvernig veður er; það þarf alltaf að elda. Það er morgunmatur klukkan hálfsjö, hádegismatur hálftólf, kaffi klukkan fjögur, matur klukkan hálfaátta og kaffi á miðnætti.

Maður þarf að passa að allt sé til. Einu sinni gleymdist að senda mér egg og það fer allt á hvolf þegar vantar egg eða mjólk. Þetta er eftirminnilegt og skipsfélagar mínir muna eftir túrnum þegar vantaði egg og þeir muna líka eftir túrnum þegar ég missti röddina; þeir segja að það hafi verið mjög fínt. Þetta var hræðilegt; ég var alveg raddlaus og það var mjög erfitt."

Hún segir að sér finnist það ekki breyta neinu að hún sé eina konan um borð. „Ég er stundum óþolandi snyrtileg í þessu samhengi. Ég þoli ekki óreiðu, óskipulag eða óþrifnað. Þegar ég kem um borð og er að leysa af þar sem er ekki alveg gengið frá eftir mínu höfði og er að mínu mati mjög sóðalegt og ógeðslegt þá er ég búin að læra það að það er betra að leggja á sig að klára þetta af og þrífa þetta eins og ég vil hafa þetta því annars verð ég pirruð allan túrinn."

Hún talar um einn skipsfélaga sinn sem er með káetu á sama gangi og hún. „Hann sagði að það væri svo gott að fá konulykt í skipið. Ég spurði hvað hann meinti. Hann átti þá við að þeir nota flest allir Head and Shoulders-sjampó með engri lykt en ég nota sjampó frá til dæmis Morocconoil og er svolítið sterk og er reyndar líka mjög góð lykt af því. Svo var ég spurð um daginn hvenær þeir gætu aftur fengið konulykt. Þeim finnst það voðalega notalegt."

Þetta er val

Heiðveig María segir að það skemmtilegasta sem hún hafi gert sé að vera á nótaveiðum á loðnu en jafnframt það mest krefjandi. „Þá er ég bæði kokkur og háseti á uppsjávarskipi. Það er þannig af því að það er búið að fækka svo á þessum skipum og þau eru orðin svo tæknileg og öflug. Þannig að það er dálítið krefjandi að sinna því báðu."

Hvað er eftirminnilegast af ferlinum? „Þegar við vorum að starta Engey. Það þurfti ekki að lyfta körum heldur var lestin nánast sjálfvirk og reyndar líka alveg íslaus af því að það er notast við svokallaða ofurkælingu. Það var og er magnað. Ótrúlega flott. Það er alger bylting í þessari sjómennsku að þetta sé með þessum hætti."

Hvað er það versta sem hún hefur lent í á sjónum? „Það versta sem sjómenn lenda í er þegar það bjátar eitthvað á hjá fólkinu í landi og þú kemst ekki til þess." Hún segir að það sé alltaf erfitt að kveðja fjölskylduna þegar hún er að fara á sjóinn. „Það er afskaplega góð kona sem er fjölskylduvinur sem flytur heim til mín þegar ég er úti á sjó og pabbi barnanna er ekki heima. Ég var í nóvember í 15 eða 16 daga að heiman en þá lönduðum við alltaf úti á landi og þá voru þau í pössun allan tímann. Mér finnst vera verst þegar við foreldrarnir erum bæði úti á sjó og það er einhver foreldraviðburður í skólanum; ég hef alltaf reynt að passa upp á að það fari einhver eins og bræður mínir eða barnapían til dæmis en foreldrar mínir búa í útlöndum."

Heiðveig María talar líka um að fjarskiptasambandið sé stundum lélegt og að það taki á. „Það hefur komið fyrir að maður hefur ekki getað verið í sambandi og ekki getað fylgst með hvað er að gerast í skólanum hjá krökkunum nú eða að til dæmis bara greiða reikninga eða leggja inn á börnin. Það hefur stundum verið nánast fjarskiptalaust í einhverja daga. Auk þess kostar til dæmis 1 GB hjá útgerðinni sem ég starfaði áður hjá 5.000 kr. Útgerðin sem gerir út Polar Ammassak er löngu hætt að rukka sjómenn fyrir að vera í fjarskiptasambandi og því er netið þar frítt."

Hún segir að þetta sé þó val; sjómennskan. „Mér finnst þetta vera gaman. Ég heillast af þessum lífsstíl. Ég er heima núna og get tekið á móti krökkunum þegar þeir koma heim úr skólanum og farið með þeim út. Ég er bara í vinnunni þegar ég er í vinnunni. Þetta er líka oftast svo einfalt líf um borð. Þvotturinn hjá mér um borð er bara eitt par af sokkum, peysa, bolur og nærbuxur og ég þvæ annan hvorn dag. Ég er bara með tvö eða þrjú sett rúllandi. Maður lendir ekki einu sinni i ásum; stökum sokkum."

Lærdómur

Heiðveig María er spurð hvað hún hafi lært af því að vera á sjónum.

„Að meta það sem maður hefur. Meta verðmæti tímans með fjölskyldunni." Hún nefnir líka vinnusemi. „Maður er á sjó með alls konar fólki úr öllum áttum; mönnum yfirleitt. Ég held ég hafi aldrei róið með konu nema með konum frá Hafró eða Fiskistofu; jú, einu sinni var stelpa sem var í Stýrimannaskólanum háseti í afleysingum. En það er allt og sumt. Mér hefur yfirleitt fundist

fólk almennt vera mjög áhugavert. Ef fólk spyrði mig um áhugamál mín þá myndi ég segja fjölskyldan, vinir, svo matur og svo bara fólk. Alls konar fólk. Ég hef lært mikið af því fólki sem ég hef verið í kringum og það er ótrúlega dýrmætt. Það virðist einhvern veginn vera mikil starfsmannavelta á hluta af áhöfnunum þó svo að mestmegnis sé yfirleitt ákveðinn kjarni á flestum skipum. Mannfræðilega er þetta stórmerkilegt svo sem hvernig menn og áhafnir ná að tikka saman og aðlaga sig. Stundum passa menn ekkert saman og þá langar engan að eiga í þessu vinnusambandi eða sambúð ef svo mætti kalla það. Þetta er eins og að vera 15 saman í 200 fermetra íbúð með herbergjum og búa þar saman."

Hafið
Talið berst að sjónum sem slíkum. Hafinu.

Heiðveig María talar um stórfengleika hafsins, að það sé aldrei eins, og áhrif hafsins á barn sem elst upp í sjávarþorpi.

„Það hefur aldrei komið annað til greina en að búa einhvers staðar þar sem ég get verið mjög stutt frá hafinu og í tengingu við það. Núna bý ég á Álftanesi og nánast alveg við sjóinn og ströndina. Ég stunda útihlaup og hleyp mikið við ströndina og utanvegar. Svo reyni ég eins mikið og ég get að stunda sjósport eins og kajakróður og Stand Up Paddleboard (SUP). Auk þess hef ég reynt að stunda sjósund þegar ég get.

Hafið er svo óviðráðanlegt, stórt og mikið. Ég fæ svo mikla orku frá sjónum til dæmis þegar ég hleyp meðfram sjónum og ef ég er þung eða niðurdregin þá dugar mér stundum bara að fara niður að sjónum og hlusta á sjóinn.

Hafið er orka og bara stórkostlegt fyrirbæri sem á að bera gríðarlega virðingu fyrir."

RAFMENN
ORKA AÐ NORÐAN
FROSTAGÖTU 6C • 603 AKUREYRI
SÍMI: 460 6000 • WWW.RAFMENN.IS

Hrýtur þú?

Hrotur geta þróast í kæfisvefn, háan blóðþrýsting og hjarta- og æðasjúkdóma

Gefðu þér og þínum góðan svefn



brosið
HEILSUKLÍNÍK

Hlíðasmári 19, 4. hæð S: 566 6406



Reynir Traustason
Myndir / Jónína Guðbjörg Guðbjartsdóttir

Aflaskipstjórinn
Guðbjartur Ásgeirsson á Guðbjörgu ÍS:

„Það var alltaf sjórinn"

Guðbjörg ÍS, flaggskip Vestfirðinga, var selt frá Ísafirði til Akureyrar. Sala skipsins vakti í senn mikla sorg og gríðarlega athygli. Aflakóngurinn Guðbjartur Ásgeirsson var skipstjóri þegar skipið hvarf frá Ísafirði. Hann segir Sjóaranum sögu sína og skipsins sem fór frá Ísafirði og var ekki lengur gult. Það komst aldrei neitt annað að hjá honum en að verða sjómaður.

„Það var alltaf sjórinn. Ég er búinn að hlæja að því að skólaskyldan byrjaði fyrst þegar maður var sjö ára en ég fór í eitthvað sem kallaðist forskóli. Þegar ég var búinn með tímann þar þá hoppaði ég um borð í skektuna hjá afa og við rerum út á rifið fyrir utan Norðurtanga. Gamli maðurinn veiddi þar í rauðmaganet. Síðar keypti hann trillu og við förum út fyrir Arnarnesið," segir Guðbjartur Ásgeirsson, gjarnan kenndur við Gugguna. Allir Vestfirðingar og flestir landsmenn þekkja það skip og skipstjórana; hann og Ásgeir Guðbjartsson, föður hans. Saga þeirra feðga og Guðbjargar ÍS er einstök. Guggan var eitt af höfuðdjásnum Vestfirðinga, enda annálað aflaskip. En síðan kom reiðarslagið þegar Guggan var seld frá Ísafirði undir slagorðinu Guggan verður áfram gul og gerð út frá Ísafirði. Annað kom á daginn.

Hjá afa og ömmu

Guðbjartur rifjar upp æskuárin á Ísafirði þar sem hann hefur búið alla sína tíð.

„Ég er fæddur á Ísafirði, í Ásbyrgi. Móðir mín er Sigríður Brynjólfsdóttir og faðir minn Ásgeir Guðbjartsson, Geiri á Guggunni. Við bjuggum í Ásbyrgi á Ísafirði. Afi og Amma, Guðbjartur Ásgeirsson afi minn og Jónína Guðbjartsdóttir amma bjuggu á annarri hæð. Fjölskyldan bjó í sama húsinu. Föðurafi minn, Ásgeir Guðbjartsson eldri, og Guðbjartur Ásgeirsson, afi minn keyptu Ásbyrgi í kreppunni miklu árið 1930. Húsið stendur við Brunngötu 10."

Foreldrar hans fluttu seinna á Túngötu 9 á Ísafirði þar sem þau keyptu einbýlishús. Guðbjartur flutti ekki strax með þeim.

„Fyrstu tíu árin var ég í Ásbyrgi og hjá gömlu hjónunum, afa og ömmu, í góðu yfirlæti. Þegar langafi féll frá þá fór húsið í annarra eigu; efri hæðin og risið. Ég var á ellefta ári þegar ég flutti til foreldra minna".

Guðbjartur kemur af sjómönnum kynslóð fram af kynslóð.

„Guðbjartur afi minn og nafni var skipstjóri og átti báta. Ég man eftir Venus ÍS, hann reri á línu og snurvoð. Og svo var hann í póstflutningum fyrir norðan land líka og allskonar verkefnum. Það var með afa eins og svo marga sjómenn á þessum árum að þeir voru ekki hraustir og heilsan bilaði. Það sem gaf sig var maginn. Það var enginn heitur matur á sjónum eða lítið sem ekkert. Það var slátur og lundabaggar og eitthvað svona feitt og mikið. Þetta var ekki hollusta. Afi heitinn átti nafna sem fór svona líka. Fleiri misstu heilsuna. Pabbi sagði að það hefði verið ströggl þegar þeir voru að koma með fyrstu Guðbjörgina að hefðu þeir ekki fengið kokk. Hann sagði bara að það kæmi ekki annað til greina. Ef hann fengi ekki kokk um

Traustur og framsækinn samstarfsaðili við sjávarútveginn



www.tgraf.is
426-7660 / 692-3692
tgraf@tgraf.is

Framúrskarandi fyrirtæki

2019 2022 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

SKIPAÞJÓNUSTA STÝRINGAR ÖLL ALMENN RAFÞJÓNUSTA IÐNAÐUR MANNVIRKI

TG RAF



> ***Hann vissi ekki hvað víxill var***



Fyrstu tíu ár lífsins bjó Guðbjartur í húsinu Ásbyrgi. *Ljósmynd/ Guðbjartur Ásgeirsson*



Ragnheiður, Sirrý og Ásgeir. *Ljósmynd / Úr einkasafni Guðbjarts Ásgeirssonar*

borð færi hann bara í land".

Þetta var þegar fyrsta Guggan kom til Ísafjarðar árið 1956. Faðir hans var orðinn skipstjóri og hafði mikinn metnað frá fyrsta degi og hafði ætlað sér að verða skipstjóri.

„Hann er orðinn skipstjóri tvítugur á ýmsum smábátum. Hann ætlaði alltaf að verða skipstjóri, sagði hann, það var bara svoleiðis og það var ekkert verra að fiska svolítið mikið, eða allavega aðeins meira en aðrir".

Ásgeir og bróðir hans Hörður voru skipstjórar, hvor á sínum bátnum á meðan þeir bjuggu í foreldrahúsum Ásgeir á Guðbjörgu sem var 47 tonna bátur og Hörður með Gunnhildi sem að sögn Guðbjarts hafi verið prýðisgóður, 60 tonna bátur smíðaður hjá Skipasmíðastöð Marselíusar. Samkeppnin milli bræðranna var mikil og spurður út í það hvort að rétt sé að þeir bræður hafi verið að læðast út á nóttunni til að hinn vissi ekki af því að stæði til að fara á sjóinn staðfestir Guðbjartur að svo hefði verið.

„Já, það er alveg hárrétt. Mamma sagði mér að hún opnaði bara eitt sinn þvottahúsgluggann og sagði pabba að fara út þar svo það heyrðist ekki skellurinn þegar hann færi út um útidyrahurðina."

Hörður lést síðasta vetur, níræður að aldri. Þeir bræður höfðu stundum verið saman til sjós bæði á skaki og svo var Hörður stýrimaður hjá Geira. Báðir voru þeir miklir fiskimenn en Guðbjartur lætur í veðri vaka að það sem hafi mögulega skilið á milli hjá þeim bræðrum, þegar kom að aflabrögðum, hafi legið í útgerðinni. Ásgeir gerði vissar kröfur þegar kom að sjósókn, gerði kröfu um að skipin væru aflmikil og í lagi.

„Norðurtanginn bauð honum eitt sinn að verða skipstjóri á báti sem þeir ætluðu að gera út. Báturinn var búinn að vera uppi á kambi í einhvern tíma. Það var hægt að lesa Alþýðublaðið alveg í gegnum borðstokkinn. Hann hélt nú ekki, maður gæti alveg drepið sig á einhverju öðru en að fara á einhverjum handónýtum báti."

Skipstjóri í tjaldi

Sögum fer að því að Geiri Bjartar væri ekkert að slá um sig þó hann hefði vafalítið nóg á milli handanna. Til að mynda bjó hann gjarnan í tjaldi í Laugadal þegar hann kom til Reykjavíkur og þegar hann var til dæmis að semja um smíði nýrrar Guðbjargar þurftu mennirnir sem voru að semja við hann um milljarðaviðskipti að heimsækja hann í tjald í Laugardal.

„Já, já, það var þannig. Það var ekki verra að vera á tjaldstæðinu í Laugardalnum. Ef það var sunnanrok eða eitthvað að veðri fór hann kannski til Akureyrar eða í þann landshluta sem að lá best við út af veðri. Nei, það voru ekki húsbílar eða húsvagnar."

VIÐ SENDUM BESTU KVEÐJUR Á SJÓMENN OG FJÖLSKYLDUR MEÐ ÓSK UM

Gleðilegan Sjómannadag



Arnarlax
SUSTAINABLE ICELANDIC SALMON



Geiri um borð í Guggunni. *Ljósmynd/ Guðbjartur Ásgeirsson*

Geiri var nægjusamur og þótti því ekki tiltökumál að gista í tjaldi, og enga sló hann víxlana, á meðan ónefndir kaupfélagsstjórar og rækjukóngar frá Ísafirði gistu á Hótel Sögu. Guðbjartur segir föður sinn hafa alist upp við nýtni og nægjusemi.

„Hann vissi ekki hvað víxill var."

Geiri virtist einnig hafa verið nægjusamur þegar kom að bílum og átti nokkra Volvo á tíma og svo Opel.

„Hann átti Volvo Amazon 1963. Svo var það gamall Benz sem að einhver Landsbankastjóri var að henda frá sér," segir Guðbjartur og hlær.

Ásgeir fiskaði alltaf vel. Guðbjartur rifjar upp að árin 1967 og 1968 voru síldarleysisár. Þegar Geiri var um fertugt, þá voru það síldarár hjá þeim sem voru gjarnan síldarleysisár hjá öðrum en spurður út í það hvort það hafi verið vegna þess að hann hafi haft ákveðna tækni jánkar hann því en það hafi ekki verið eina ástæðan. Hann gætti þess að vera alltaf með bestu mögulegu veiðarfæri. Viðmiðið var gjarnan aflaskipið Gísli Árni.

„Hann fékk síldarnót frá Norðfirði. Þetta var hörkufín nót. Það var tekið allt það besta. Svo segi ég við hann einhvern tímann veturinn áður en nótin var tilbúin: „Eigum við ekki að láta dýpka nótina aðeins? Hafa hana aðeins dýpri en hjá Gísla Árna?" Jú, jú, hann hringdi á Norðfjörð og lét dýpka nótina og það gekk eftir. Það náðist að setja nótina á tvo vörubíla því þetta var stórt og mikið veiðarfæri. Það var stundum bara eitt kast og fullur bátur".

Draumur eiginkonunnar

Menn velta oft fyrir sér hvað þurfi til þess að verða góður aflaskipstjóri. Árið 1977 birtist grein í Dagblaðinu þar sem vitnað er í Ásgeir. Þar kemur fram að hann dreymi stundum fyrir aflabrögðum. Spurður út í það hvort það hafi verið þannig hjá honum segir Guðbjartur að vissulega skipti draumar máli en hann hafi ekki dreymt fyrir aflabrögðum. „Hann var heppinn með það eins og ég að hann átti góða konu sem sá eða dreymdi; gat sagt til um hlutina. Alveg eins og mín kona, Ragnheiður [Hákonardóttir]. Hún sér hluti sem aðrir sjá ekki. Ég var að fara í siglingu og við fórum til Þorlákshafnar á Guðbjörgu, ísfiskstogaranum sem seinna varð Gnúpur. Hún hringdi í mig: „Þú verður að fara varlega". Ég segist alltaf fara varlega, alveg áhyggjulaus. „Þú verður að fara mjög varlega því mig dreymdi hana Oddfríði frænku mína og hún kom hérna og hún sagði mér að Guðbjartur þyrfti að fara mjög varlega".

Brotsjór á Gugguna

Guðbjörgin hélt til Þorlákshafnar vegna þess að það voru mannaskipti fyrir siglingatúrinn. Þegar skipið lagði frá bryggju gerði skyndilega vitlaust veður. Hann rauk upp með suðaustan

hvelli. Það kom á daginn að Ragnheiði hafði dreymt fyrir háska.

„Ég var minnugur þess sem að Ragnheiður sagði um að ég yrði að fara varlega og þá sagði ég mannskapnum að ganga frá endunum í hvelli og fara niður. Við vorum rétt komnir í hafnarmynnið. Þá kom fylla, það skall á brúnni brotið. Ég hefði ekkert boðið í það ef mannskapurinn hefði verið úti". Þannig að ég efast aldrei um það, hvorki hjá Ragnheiði eða hjá mömmu."



Guðbjartur Ásgeirsson *Ljósmynd / úr einkasafni*

En varðandi stúdíuna gagnvart aflabrögðum heldur Guðbjartur áfram. Lykill að velgengni er sá að hafa ódrepandi áhuga og spara ekki til óbóta.

„Skipstjóri þarf náttúrulega að fara vel með veiðarfæri en hann má ekki spara sér til óbóta. Það voru margir skipstjórar sem fóru að gera út sjálfir, sagði pabbi mér. Þeir eyðilögðu fyrir sér því þeir voru að spara of mikið í veiðarfærum."

Geiri var goðsagnakenndur og sögur gengu um að hann hafi smakkað sjóinn til að meta ástandið á miðunum. Guðbjartur vill ekki staðfesta það en bendir á að menn þurftu að hafa nef fyrir því sem var að gerast í hafdjúpunum með fábrotin tæki. Í þá daga var aðeins kompás, dýptarmælir og klukkan til að fara eftir.

„Það var ekki kominn radar og það var ekki kominn dýptarmælir. Það hefði ekkert þýtt fyrir okkur að sigla þarna um Vestfirðina alveg blindir en þetta gerðu nú þessir gömlu menn".

Guðbjartur segir þá feðga hafa verið heppna með mannskap alla tíð. Útgerðin hafi verið fín og vel haldið utan um hlutina. Faðir hans hafi búið betur að því heldur en margur skipstjórinn að ráða sér sjálfur sem stærsti eigandi útgerðarinnar og hann hafi náð í þau veiðarfæri sem þurfti.

„Hann stjórnaði því og útgerðarmaðurinn var bara í landi. Það þurfti smá kapp og svo þurfti að passa upp á veiðarfærin. Ég nefni línuna en það eru landmennirnir sem hafa mikið um það að segja. Þeir bæta upp á ef það slitnar taumur og gæta þess að vera með góða beitu. Þeir bæta upp á þegar það er slitið að láta ekki renna niður í balann án taums og önguls, það gengur ekki. Þorskurinn lætur ekki bjóða sér hvað sem er."

Tvítugur stýrimaður

Guðbjartur var alltaf með það skýra markmið að fara í Stýrimannaskólann og hann var orðinn stýrimaður í síldinni með föður sínum. Móðir hans vildi að hann héldi áfram námi en hann hafði ekki áhuga. Það var ekki inni í myndinni. Hann var svo orðinn fyrsti stýrimaður um tvítugt.
Gula litinn á Guðbjörgu ber á góma.

Ákvörðun um lit á skipum virðist hafa verið ansi skrautleg á köflum og til að mynda mun liturinn á togaranum Gylli að sögn eiga fyrirmynd sína í litasamsetningunni á Viceroy-sígarettupakka. Framnes frá Þingeyri, sem hafði verið rautt, var komið í slipp en rætt hafði verið um að skipta um lit á því og því spyr málarinn útgerðarmanninn hvernig hann vilji hafa þetta en hann svarar þá um hæl „hafðu það bara eins og Broncoinn þarna" sem var eiturgrænn. Skipið hætti að fiska og var þá gripið til þess að mála það gult í næstu inniveru og freista þess að snúa gæfuhjólinu. Guli liturinn á Guggunni er frægur en hverjum datt þessi litur í hug?

„Ég held að móðir mín hafi fundið þennan lit út, hún kallaði til málara í Ísafirði og þau blönduðu þennan lit saman."

Það er hins vegar útilokað að Guggan hafi orðið gul vegna umbúða af sígarettum eða áfengi enda hafi Ásgeir alla tíð verið mikill reglumaður.

„Pabbi þekkti hvorki Camel né Viceroy, og það af síður einhvern vökva sem var settur á flöskur nema appelsín og malt. Það var aldrei neitt sterkara en það."



Guggan á Flæmska hattinum *Ljósmynd / Leno Passaro*

En hvernig skipstjóri var Geiri? Gekk þeim feðgum vel að vinna saman?

„Hann var ekki skaplaus en ég held að það hafi heyrst meira í mér heldur en honum. Við þurftum ekki að skrifa hvorum öðrum á miða hvað hefði farið fram um nóttina. Nei, ég segi þetta því faðir og sonur á ónefndu skipi hér í flotanum töluðust ekki við, það voru bara réttir miðar á milli. Það var aldrei svoleiðis hjá okkur. Ef ég var í fríi eða hann var í fríi þá ræddum við saman flesta daga. Spáðum í veiðar, fiskigöngur og annað. Ef maður vildi prófa eitthvað meira í sambandi við veiðarfærin, stærri hlera eða eitthvað tók hann því fagnandi."

Upplifði Guðbjartur það einhvern tímann að hann væri í skugga föður síns?

„Nei, nei, ég var aldrei að velta því fyrir mér. Fyrst leysti ég hann af sem skipstjóri árið 1970. Það telst nú kannski karlagrobb í dag að vera að monta sig af einhverju fiskeríi sem var fyrir áratugum en það gekk alveg prýðilega. Ég leysti hann því af áfram, fyrst á bátnum og svo síðar á togaranum. Hann hafði aldrei tekið frí nema til að fara í Stýrimannaskólann og einhver námskeið. Aldrei nein frí nema milli vertíða eins og það var kallað þegar það var verið að skipta um veiðarfæri og svona."

Það kom að þeim tíma að Ásgeir hætti og Guðbjartur tók við Guggunni. Þeir feðgar voru alla tíð heppnir með mannskap. Flosi Jakobsson, mágur Guðbjarts, var fyrsti stýrimaður um tíma en hann er með stórútgerð í Bolungarvík í dag. En svo voru fleiri eins og Hrólfur Ólafsson, frændi Guðbjarts, Guðmundur Einarsson og Runólfur Pétursson.

Guggan var flaggskip Vestfirðinga sem allir reyndu að keppa við í aflabrögðum. En svo kom að því að hún var seld. Árið 1997 var hún seld til Samherja á Akureyri. Vestfirðingum var sagt að hafa ekki áhyggjur. Skipið yrði gert út frá Ísafirði. Kvótinn á Guðbjörgu var 6500 tonn. Það kom á daginn að Samherjamenn ætluðu sér ekki að láta Gugguna veiða kvótann. Skipið var sent til rækjuveiða.

„Það var ekki gæfuspor. Við fengum ekkert að veiða neitt. Kvótinn var ekki okkar eftir þetta. Við fengum ekki að veiða okkar kvóta."

Guðbjartur hélt þó áfram á skipinu til að prófa og sjá hvernig færi. Fleyg eru þau orð Þorsteins Más Baldvinssonar, forstjóra Samherja, að „Guggan verður áfram gul og gerð út frá Ísafirði". Þorsteinn Vilhelmsson, fyrrverandi eigandi Samherja, sagði í viðtali við Mannlífið að það hefðu verið mistök að lofa þessu. Guðbjartur bendir á að Samherjamenn hefðu skrifað undir samkomulag við Guðmund Guðmundsson útgerðarmann og Ásgeir Guðbjartsson um að skipið yrði áfram gert út frá Ísafirði.

„Þetta var nú skrifað á blað. Guðmundur og pabbi voru hrekklausir menn. Ég get nú sagt einhver ýmis orð um þessa Samherjapilta en ég læt það vera því þeir skrifa sína sögu sjálfir".



Eftir að samkomulagið var undirritað trúðu menn því að hlutirnir yrðu eins og þeir hefðu verið. Skipið landaði nokkrum sinnum á Ísafirði en þá breyttist allt. Guðbjartur telur að nýjir eigendur hafi aldrei ætlað sér að gera skipið út frá Ísafirði.

„Það stóð aldrei til held ég".

Hann staðfestir að örlög skipsins hefi tekið á og hann verið sár. Eftir að skipið hafði verið gert út undir fána Samherja um hríð var komið að næstu kúvendingu í útgerð skipsins. Það bar brátt að. Guggan var í landi og Ásgeir mætti á bryggjuna.

„Ég hitti pabba niðri á höfn. Hann vildi ekki koma upp í bílinn hjá mér og tala

> ***Það var ekki gæfuspor***

mikið hjá Samherja á fyrstu árunum".

Upp var komið allt annað viðhorf og sjónarmið skipstjórans skipti orðið litlu sem engu. Allt varð í nafni hagkvæmninnar og skipstjórunum er stjórnað úr landi.

„Menn ráða engu í dag. Það er löngu komið. Þeir fá bara eitthvað blað. Þessir útgerðarstjórar þekkjast betur en mennirnir sem eru að vinna fyrir þá. Ég segi eins og ónefndur móðurbróðir minn: „Djöfull er ég heppinn að vera hættur á sjó".

Guðbjartur var skipstjóri hjá Samherja í um þrjú ár. Hann fylgdi með þegar skipinu var flaggað úr landi og fór með skipinu til Þýskalands. En hann var ekki



Guðbjartur Ásgeirsson *Ljósmynd / Ásgeir Guðbjartsson*

við mig eða nokkurn hlut. Ég skildi ekki hvað var í gangi en svo kom í ljós að þeir ætla að selja skipið til Þýskalands, selja úr einum vasa yfir í hinn".

Guðbjartur hafði þá verið skipstjóri hjá Samherja um hríð og Ásgeir hafði fengið veður af sölunni. Þar með myndi þessi langa saga sem skipið átti sér hverfa og Guggan hætti að vera gul.

„Liturinn var góður. En það hefði ekkert hamlað að vera í einhverjum öðrum litum líka. Þeir voru nú ekkert að flýta sér að mála skipin sín mjög lengur aðalskipstjóri. Þorsteinn Már hafði sagt honum að hann yrði ekki alltaf skipstjóri.

„Það var þýskur skipstjóri og stýrimaður líka. Ég ætlaði að sjá bara hvernig þetta gengi. Ég var svo grænn. Það gekk ekki. Þetta var svo gerólíkt að veiða þetta og hitt og vera svo sendur til Noregs eða Grænlands að veiða eitthvað. Það gat svona gengið upp, maður var ekkert að láta sverfa til stáls með það en þetta var ekkert til að eltast við."

Það kom svo að því að Guðbjartur hafði fengið nóg og hann hætti störfum fyrir Samherja. Aðspurður hvort hann hefði sagt upp þá neitar hann því.

„Nei, ég fór bara heim. Það voru einhver veikindi hjá barni eða eitthvað. Ég var svo þess heiðurs aðnjótandi að verða ráðinn hjá Sjólaskipum, útgerð við Afríkustrendur."

Adam var ekki lengi í paradís. Sjólaskip sameinaðist Samherja. Guðbjarti var þá boðið að starfa áfram. Spurður út í það hvort það hafi verið Þorsteinn Már sjálfur stendur ekki á svarinu.

„Já, ayatollah."

Í millitíðinni höfðu þeir feðgar verið að gera út lítinn plastbát á línu frá Ísafirði. Það má velta því fyrir sér hvort það hafi ekki verið viðbrigði fyrir skipstjóra af stórum togara að vera kominn um borð í lítinn plastbát. Guðbjartur segir svo ekki vera.

„Ég fann ekki mikinn mun á mér þarna um borð í þessum báti eða seinna um borð í 121 metra löngum rússatogara, eða sóvíet-togara. Þetta var bara allt í lagi. Allir mínir forfeður höfðu allir verið á smærri bátum og þekktu ekkert annað. Það gekk ágætlega hjá þeim."

Aftur var Guðbjartur kominn undir Samherja sem keyptu Sjólaskip árið 2007. Hann starfaði þar til ársins 2012.

„Þá var ég bara rekinn".

Þorsteinn Már lét undirsáta sinn um að reka skipstjórann sem hafði borið björg í bú á flaggskipi Vestfirðinga.

„Hann hafði nú ekki þann manndóm í sér að gera það. Ég var í fríi úti á Las Palmas. Ég hefði nú alveg getað þolað það að hann hefði getað talað við mann. Þorsteinn Már var þarna úti á Las Palmas. Maður vill nú engum illt en hann var ekki hæstur á vinsældalistanum hjá manni."

En hvernig leið Ásgeiri föður hans með þetta allt saman?

„Hann reyndi nú að taka þessu vel.

Hann var alls ekki sáttur með þetta. Maður er ekkert að velta sér upp úr þessu í dag."

Það má meta það sem svo að Guðbjörgin hafi verið mikilvæg Vestfirðingum á þessum tíma, langt út fyrir það að vera aflasælt fiskiskip. Þarna höfðu menn byggt upp útgerð og störfuðu í þágu síns byggðarlags.

Aftur í suðurhöf

Eftir árin í Afríku gerðist Guðbjartur hafnarvörður í tæpt ár og var þá á lóðsbátnum og í raun í öllum störfum. Árið 2014 fékk hann hringingu. Honum bauðst starf fiskiskipsstjóra. Skipin voru góð og það var búið að bæta vinnsluna þannig að hann þáði starfið. Það var meira að segja í ráðningarsamningnum að það væri gott veður

„Skipin fín, en vélarnar kannski of litlar. Maður var farinn að lifa aftur tímann frá því 1967-1973. Spilin góð og mannskapurinn ágætur. Það voru um 103 menn um borð. Vinir Pútíns sem áttu þetta. Ég var náttúrulega ekki mafíósi því það getur verið erfitt hjá mafíósunum að komast í innri hring Pútíns en ómögulegt að fara út. En ég var það lágt settur," segir Guðbjartur og hlær.

Skipið var við veiðar í Marokkó og Máritaníu.

„Það var svolítið að vera með á dekkinu alveg hörku lið sko. Margir góðir. Ég veit ekki hvort ég eigi að taka einn út úr en hann var búinn að vera í stríðinu þarna í Tjetjeníu og Afganistan og víðar, hörku nagli. Með stærðar hníf alltaf, eins og bátsmenn og dekkmenn. Bátsmaðurinn var haltur og svo komu þarna Indónesar. Þeir sáu það að bátsmaðurinn var haltur þá gengu þeir haltir. Fyrirmyndin var bátsmaðurinn. Það var margt skondið."

Guðbjartur var sáttur á risatogaranum í suðurhöfum. Hann undi sér vel þótt túrarnir væru langir og lítið við að vera í tómstundum.



Guðbjartur Ásgeirsson og Ragnheiður Hákonardóttir *Ljósmynd / JGG*

„Maður vandist þessu. Það voru nú litlar tómstundir en það voru reyndar 12 tíma vaktir. Maður reyndi að slaka á á milli og svo var að fylgjast með. Það voru tölvusamskipti og þú gast sent skeyti en ekki rabbað nema að litlu leyti og það var dýrt að hringja."

Í dag er Guðbjartur á friðarstóli á Ísafirði, sestur í helgan stein, og nýtur lífsins.

„Ég er ekkert að farast úr biturð eða sorg. Maður er með fjölskyldunni og gaman að geta litið eftir afabörnunum. Mjög gaman."

Ein fimm ára dótturdóttir Guðbjarts komst ansi skemmtilega að orði þegar henni þótti afinn helst til seinn að vaða snjóskaflana fyrir neðan húsið á Ísafirði og jafnvel óhætt að segja að henni hafi ratað rétt orð á munn í víðara samhengi en það þegar afinn þótti stíga varlega til jarðar.

„Afi, það er ekkert að óttast". ■



Ljósmynd / JGG

Til hamingju með daginn sjómenn

Norlandair sendir sjómönnum og fjölskyldum þeirra kærar kveðjur í tilefni sjómannadagsins



norlandair
www.norlandair.is

Tel: +354 414 6960, email: norlandair@norlandair.is



Svava Jónsdóttir

Mikael Tamar Elíasson:

GETUR VERIÐ AFL SEM ENGINN RÆÐUR VIÐ

Mikael Tamar Elíasson er vélstjóri á línubáti. Þótt hafið bláa hafið hugann dragi þá leynast þar hættur og lenti Mikael Tamar í kröppum dansi þegar brot skall á bát sem hann var á.

Hann ólst upp fyrir vestan. Fór svo suður til að vinna í fiski í Grindavík og fór svo á sjóinn 18 ára gamall. Hann fór á netabátinn Maron GK sem var einmitt gerður var út frá Grindavík. Síðan fór hann á Tjaldanes GK hjá sömu útgerð en hann vann hjá útgerðinni í eitt og hálft ár.

Mágur hans spurði hann síðan hvort hann væri tilbúnn til að prófa að fara á línubát. Hann réð sig svo um borð í Gísla Súrsson og segir að eftir það hafi ekki verið aftur snúið.

„Það ævintýri er nánast búið að vera óslitið. Ég hætti svo hjá þeirri útgerð og fór síðan að róa fyrir útgerð í Sandgerði og fór svo til Noregs þar sem ég var í eitt og hálft ár að prófa ævintýramennskuna þar. Ég kom aftur heim 2011 og fór þá aftur á Gísla Súrsson. Ég hafði byrjað þar sem háseti en útgerðin lét smíða stærri báta og þá var mér treyst til þess að taka vélstjóraréttindi og verða vélstjóri um borð. Þannig að maður hefur fengið tækifæri til þess að vinna sig upp stigann; fengið traust til þess sem maður er gríðarlega þakklátur fyrir."

Vésteinn GK var smíðaður 2018 og hefur Mikael Tamar verið vélstjóri þar síðan þá.

Hvað vill hann segja um sjómannslífið?

„Mér finnst rosalega gott að sigla bara frá landi. Þegar maður er kominn út á sjó í fjögurra manna samfélag þá er þetta bara ég og strákarnir og ég er búinn að þekkja tvo þeirra í mörg ár. Þetta erum bara við vinirnir að hittast og vinna okkar vinnu. Það skiptir svo miklu máli að samfélagið sé gott en þegar við komum í land þá förum við stundum saman til útlanda í frí ásamt mökum. Það kemur ýmislegt upp á í fjögurra manna samfélagi og það skiptir máli að geta verið til staðar fyrir hvern annan. Það þarf að ræða suma hluti og það þarf að finna lausnir."

Snapchat og Instagram

Lífið um borð í litlum línubáti er oft krefjandi og nefnir Mikael Tamar í því sambandi óreglulegan svefn og miklar vökur sem reyna oft á.

„Ég þekki lítið annað en þennan veiðiskap þar sem ég hef verið nánast allan minn sjómannsferil á þessum minni línubátum sem eru kannski ekkert svo rosalega litlir lengur; með tæplega 20.000 króka.

Það er margt sem heillar mig við þennan veiðiskap; þetta litla fjögurra manna samfélag þar sem viðfangsefnin eru mismunandi. Samheldni áhafnar skiptir gríðarlega miklu máli og gerir starfið mun auðveldara. Að geta hlegið og haft gaman í vinnunni þó þreyta sé komin í skrokkinn er mikilvægt og eigum við strákarnir á Vésteini GK mjög auðvelt með það því grínið og léttleikinn er aldrei langt undan. Ég tel mig vera gríðarlega heppinn að vera hluti af þessari áhöfn með Tedda, Tobba og Ragga. Oft og tíðum leyfum við veröldinni að fylgjast með á Snapchat eða Instagram og vekur það ævinlega mikla lukku og hlátur þegar við setjum inn á þessa miðla uppátæki okkar og hvernig lífið gengur fyrir sig á 30 tonna línubáti."

Gríðarlegt magn af fiski

Hann lýsir vinnunni í þessu litla samfélagi.

„Vinnan um borð er þannig að á drættinum eru stöðvarnar fjórar; rúlla, blóðgun, uppstokkari og krókaréttingar. Þegar allir eru þaulvanir þá sér uppstokkaramaðurinn um krókaréttingarnar líka en ef það þarf aukahendur í ganginn í stuttan tíma þá stekkur blóðgunarmaðurinn til. Þannig náum við að búa til aukasvefn og er því yfirleitt alltaf einn í koju."

Mikael Tamar segir að þeir séu allir komnir með „plús 15 ár undir beltið á línu". „Því er þetta kærkomið fyrirkomulag þegar úthöldin eru löng og dagarnir langir og þá aðallega á sumrin þegar veðrið er með besta móti og hægt að sækja sjóinn allt úthaldið sem í gegnum tíðina hefur verið 15-20 dagar."





Yfir vertíðarmánuðina sækja þeir sjóinn aðallega frá Grindavík en sigla svo austur um eða eftir miðjan maí og eru þá yfirleitt á Stöðvarfirði eða Neskaupstað.

„Þessi vertíð sem nú er afstaðin hefur verið mjög frábrugðin síðustu vertíðum og róðralag með minnsta móti hjá okkur sökum kvótaskerðingar sem út frá augum sjómannsins er grátlegt því þessa daga sem við höfum farið á sjóinn höfum við komið að landi með öll kör full af fiski, afla upp undir 25 tonn.

Það var gríðarlegt magn af fiski á miðunum og heyrði maður þá sögu allt frá Austfjarðarmiðum og vestur í Breiðafjörð að flesta vantaði bara kvóta til þess að sækja fiskinn. Það er von allra að kvótaaukning verði áþreifanleg þegar nýtt kvótaár gengur í garð 1. september."

Munaði litlu

Þótt sjórinn lokki og laði þá getur hann sýnt á sér sínar verstu hliðar og tekið líf. Mikael Tamar hefur lent í hættu á sjó.

„Það eru mörg ár síðan. Það var einmitt á gamla Gísla Súrssyni en þá fengum við brot á okkur. Ég var að fara að kippa rúlllunni inn fyrir þegar við fengum brot á bátinn. Það var handfang á rúllunni sem ég hélt dauðahaldi í þegar við fengum brotið á okkur en báturinn lagðist á hliðina." Mikael Tamar lenti í köldum sjónum og hélt fast í handfangið. „Þegar báturinn rétti sig af aftur þá svona hálfpartinn skolaðist ég inn fyrir aftur. Ég var rennandi blautur og í sjóstakki og var þess vegna orðinn ansi þungur. Ef ég hefði misst takið á rúllunni þá værir þú ekki að taka viðtal við mig. Það var kolvitlaust veður.

Ég fór svo inn í brú og sat þar rennandi blautur eftir að hafa klætt mig úr blautum fötunum og sat við hliðina á skipstjórnarstólnum. Skipstjórinn sagði að við gætum ekkert farið að beita okkur í þessu og tók stímið í land. Þá fengum við annað brot á okkur sem í rauninni sprengdi gluggann."

Mikael Tamar segir að þetta hafi verið í fyrsta skiptið sem hann var verulega hræddur á sjó. „Þarna upplifði ég í fyrsta skipti alvöru sjóhræðslu. Sjórinn er eitthvað afl sem maður ræður engan veginn við. Þetta er bara óbeislað afl. Ég reyndi að halda kúlinu eins og ég gat þó allt væri nötrandi inni í mér. Maður reyndi að bera sig vel þó maður hafi verið nötrandi á beinunum."

Jú, hafið gefur og hafið tekur.

„Ég hef alltaf borið virðingu fyrir hafinu. Maður kannski horfir á sjóinn sem er sléttur og fagur og báturinn hreyfist ekki og svo nokkrum dögum seinna er þetta orðið að einhverju afli sem enginn ræður við. Skjótt skipast veður í lofti. Við getum verið í renniblíðu en svo nokkrum klukkustundum síðar í slag við hafið í haugabrælu."



TIL HAMINGJU MEÐ SJÓMANNADAGINN

Við tökum útstímið með ykkur

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins



































Sendum sjómönnum
hamingjuóski









































prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun

MYND FORM

STRACTA HÓTEL

Lífeyrismál.is
UPPLÝSINGAVEFUR UM LÍFEYRISMÁL

RAFMENNT

NÓI SÍRÍUS

STAR : ODDI
Logging Life Science

LÖGREGLAN

HÓTEL BÚÐIR
www.hotelbudir.is

Veðurstofa Íslands

Einhamar
Ecological seafood from Iceland

SVEITARFÉLAGIÐ HORNAFJÖRÐUR

Fjallabyggð

BREIÐAVÍK
ÚTGERÐ 1997

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

kerecis

og fjölskyldum þeirra
r með daginn

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

LEX
LÖGMANNSSTOFA

GRINDAVÍKURBÆR

VERK VEST
Virkt afl á vinnumarkaði

FOSSBERG
IÐNAÐARVÖRUR OG VERKFÆRI

Landsvirkjun

VÉLVÍK
www.velvik.is

Nordic Office of Architecture

FMS

Sjómennt
www.sjomennt.is

BM·VALLÁ

VOOT BEITA

Iceland Hotel Collection
BY BERJAYA

K16
BYGGINGAR & VIÐHALD

GRÓÐRARSTÖÐIN Mörk
Stjörnugróf 18 • Sími 581 4550 • Fax 581 2228
www. mork.is mork@mork.is

ÚTGERÐARFÉLAG REYKJAVÍKUR HF.



Svava Jónsdóttir

TARAMAR

Stórkostleg verðmæti úr hafdjúpunum

TARAMAR-húðvörurnar byggja á sjávarfangi og eru þróaðar í hámarksgæðum með mikla sérstöðu fyrir lúxusmarkaði. Öll þróun hjá TARAMAR byggir á rannsóknum í sjávarlíffræði og matvælafræði með áherslu á lífvirk efni. Stofnendur fyrirtækisins stefndu að því að verða fyrst á markað með tæknilega útfærðar húðvörur sem í raun geta endurbyggt húðina en eru um leið svo hreinar að það má borða þær. Vörurnar hafa verið í sölu hér heima og í Kína og frekari kynningar á þeim á síðasta ári eru að bera árangur og fyrsta markaðssetning inn á Dubai-svæðið á sér nú stað. Einnig er mikill áhugi hjá söluaðilum á lúxusvörum í Evrópu og telja má líklegt að vörurnar verði komnar inn á þá markaði síðar á þessu ári.

Nýsköpunin sem TARAMAR stendur fyrir byggir á sjávarfangi og felur í sér mjög mikla verðmætaukningu. Aðferðirnar sem TARAMAR hefur þróað breyta sjávarfangi í dýrar lúxushúðvörur og bjóða upp á lausnir við vandamálum sem hafa mikil áhrif á heilsu manna. „Verðmætaukningin getur numið allt að 3600% frá þurru þangmjöli í lúxushúðvöru sem hefur virkni til að umbreyta og endurbyggja húðina á greinilegan hátt sem sjá má með berum augum," segir Guðrún Marteinsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri TARAMAR.

„Öll þróun hjá TARAMAR byggir á rannsóknum í sjávarlíffræði og matvælafræði við Háskóla Íslands og Rutgers University, NJ, USA. Þessar rannsóknir hafa staðið yfir langt tímabil, eða allt frá 1979, og standa



enn. Rannsóknirnar spanna breitt svið eða allt frá áhrifum vatnsvirkni á vítamín, einangrun lífvirkra efna og áhrifa þeirra á lifandi vefi sem og þróun og notkun á náttúrulegum ferjum sem ferja lífvirku efnin djúpt inn í húðina eða auðvelda upptöku þeirra í meltingarvegi. Alls hafa verið birtar fleiri en 80 ritrýndar greinar sem tengjast þessari þróun á einn eða annan hátt."

Einkaleyfavarin framleiðsluaðferð NoTox®

Strax frá upphafi einsettu Guðrún Marteinsdóttir og Kristberg Kristbergsson, stofnendur TARAMAR og prófessorar við Háskóla Íslands, sér að gera TARAMAR-húðvörunar afburða hreinar og afgerandi lífvirkar. Þannig stefndu þau að því að verða fyrst á markað með tæknilega útfærðar húðvörur sem í raun geta endurbyggt húðina en eru um leið svo hreinar að það má borða þær. Þannig myndu þau brúa bilið á milli organic/grænna húðvara og tæknilegra húðvara sem drægju úr sýnilegum áhrifum öldrunar.

„Enn þann dag í dag eru slíkar vörur svo til ófáanlegar en flestar tæknilega útfærðar húðvörur innihalda fjölda efna sem talin eru geta verið skaðleg fyrir húð og innri kerfi líkamans." Til að ná þessu markmiði þróuðu þau nýja aðferð til að framleiða húðvörur, NoTox. Þessi aðferð er varin með einkaleyfi og er að mörgu leyti frábrugðin venjulegum aðferðum sem notaðar eru í þessum tilgangi.

Gleypa í sig skaðlega geisla sólarinnar

Rannsóknir TARAMAR sýndu að lífvirk efni úr þörungum hafa margvíslega virkni. Sum af þessum efnum nýtast í sólarvarnir þar sem þau gleypa í sig skaðlega geisla sólarinnar. „Þannig hefur TARAMAR þróað sólarvörn sem inniheldur engin skaðlega efni en eins og margir vita fer mjög slæmt orð af sólarvörnum og flestar innihalda efni sem eru bæði skaðleg fyrir menn og lífríki. Í dag hafa margar baðstrandir bannað alla notkun á sólarvörnum vegna skaðlegra áhrifa á lífríkið í grunnsjó á strandsvæðum."

Þangið stoppar oxun og áhrif sindurefna

Önnur efni sem eru einangruð úr þangi og þörungum stoppa oxun og draga úr virkni sindurefna. „Sindurefni eru skaðleg efni sem



Mynd: Aðsend/Taramar

eru meginánrifavaldar í öldrun húðarinnar. Þangið við Ísland hefur sérstaklega mikla getu til að vinna á móti oxun og áhrifum sindurefna. Samþætting þessara efna inn í húðformúlur skapar einstakar vörur sem vinna með húðina frá fyrsta degi án þess að innihalda nein skaðleg efni."

Ein af þangtegundunum við Ísland inniheldur efni sem stoppar niðurbrot á byggingarefnum húðarinnar, kollagen, elastin og tyrosine. „Þessi uppgötvun er í raun stórkostleg og hefur meiriháttar áhrif til góðs inn í húðvörulínu TARAMAR. Niðurbrot stoðvefjanna er alltaf í gangi, bæði vegna ferla sem eiga sér stað í líkamanum og líka vegna utanaðkomandi áhrifa, meðal annars frá húðvörum og efnum sem við berum á húðina. Lífvirku efnin í þanginu innihalda efni sem stoppa þessa ensímvirkni og stuðla þannig að sterkari stoðvef og betri húð."

Rannsóknir TARAMAR sýna að lífvirk efni úr þanginu hafa svo margvíslega virkni. Sum stuðla að ferlum sem draga úr þrota og bólgum og önnur styrkja frumuhimnur og mýkja hornhúðina. „Í heildina má segja að þangið okkar kæra sé algjör fjársjóður hvað varðar efni sem eru góð fyrir húð og líkama."

Fjármögnun nýsköpunarinnar

TARAMAR-vörurnar fóru fyrst inn á íslenska markaðinn seint á árinu 2015. Síðan þá hafa margir erlendir fjárfestar sýnt áhuga á fyrirtækinu en í flestum tilfellum hefur áhuginn beinst að því að ná yfir stjórn á hugviti fyrirtækisins og jafnvel flytja það úr landi.

„TARAMAR hefur staðið af sér þetta árreiti en stefna fyrirtækisins er að byggja upp atvinnu á Íslandi og nýta íslenskar auðlindir og láta verðmætasköpunina eiga sér stað hér. Framleiðsla TARAMAR er í Sandgerði og í dag vinna fjórar konur úr Sandgerði og Keflavík við framleiðslu og pökkun.



Frá Stykkishólmi *Mynd: Aðsend/Taramar*

Fáar af hinum hefðbundnu fjárfestingarleiðum, svo sem nýsköpunarsjóðir, hafa stutt við bakið á TARAMAR. Eignarhaldsfélag Suðurnesja er eina félagið sem hefur komið inn með eitthvað fjármagn að ráði og í raun væri TARAMAR ekki til ef þeirra hefði ekki notið við.

Til að standa undir kostnaði við þróun og markaðssetningu hefur TARAMAR farið þá leið að bjóða almennum borgurum hluti til sölu og í dag hafa fleiri en 500 Íslendingar keypt hluti í TARAMAR og fengið í staðinn aðgang að vörum TARAMAR á mjög hagstæðu verði. Margir af þessum hluthöfum hafa tekið virkan þátt í starfsemi TARAMAR og haft áhrif á þróun með prófunum og umsögnum. Auk þess rekur félagið vildarklúbb sem nú inniheldur rúmlega 6000 manns. Þannig er félagið í stöðugu sambandi við neytendur og nýtir góðs af reynslu og upplifunum vildarklúbbsmeðlima en í hverjum mánuði berast margar sögur af uppgötvunum og virkni varanna."

Fyrir þá sem hafa áhuga á að taka þátt í þróun og markassetningu TARAMAR sem einn af eigendunum þá má finna upplýsingar hér: www.taramar.is/hluthafar og þeir sem vilja ganga í vildarklúbbinn er bent á www.taramar.is/vildarklubbur

Sérstaða og markaðssetning

„TARAMAR hefur þróað ákaflega verðmætar vörur og þekking félagsins er mikil og dýrmæt. Kynningar á húðvörunum erlendis á síðasta ári eru að bera árangur og fyrsta markaðssetning inn á Dubai-svæðið á sér stað í þessum töluðum orðum. Einnig er mikill áhugi hjá söluaðilum á lúxusvörum í Evrópu og telja má líklegt að vörurnar verði komnar inn á þá markaði síðar á þessu ári.

Það sem gerir TARAMAR vörurnar svo sérstakar og áhugaverðar fyrir þessa markaði er að þær eru íslenskar og byggja á íslensku hugviti. Allar TARAMAR-vörurnar eru framleiddar frá A-Ö á Íslandi, við afburða hreinar aðstæður sem mætti næstum líkja við skurðstofu. Þetta er mjög sérstakt því oftar en ekki leikur vafi á uppruna vara í þessum iðnaði og oft kemur í ljós að vörur sem eru kenndar við eitt land eru búnar til í öðru landi. Hreinleiki TARAMAR-varanna skapar líka mjög mikla sérstöðu en neytendur eru nú meðvitaðri um innihaldsefni og láta ekki bjóða sér hvað sem er. Auk þessa er virkni TARAMAR-varanna svo mikil að hún kemur á óvart. Þessi virkni hefur verið sannprófuð af óháðum aðilum og TARAMAR stundar einnig prófanir til að auka skilning á heilandi ferlum í húðinni. Þannig kemur í ljós að jákvæðar breytingar í húðinni eiga sér oft stað mjög hratt eftir að viðkomandi skiptir yfir í 100% hreinar og lífvirkar vörur eins og TARAMAR."

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í prófunum hjá TARAMAR er bent á að hafa samband við Írisi Thordersen (iris@taramar.is).



Svava Jónsdóttir

Ég stakk mér í sjóinn og náði honum



Guðjón Hafsteinn Guðmundsson vann afrek þegar hann bjargaði manni úr sjó árið 1984. Um var að ræða ferjuflugmann en vélin varð bensínlaus með þeim afleiðingum að hún fór í sjóinn.

Guðjón Hafsteinn Guðmundsson byrjaði ungur að stunda sjómennsku. Aðeins 14 ára fór hann sinn fyrsta túr sem messagutti á Gullfossi og eftir það var hann á ýmsum skipum í tæp 40 ár.

„Það að vera á sjó eru viss forréttindi," segir Guðjón. „Ekkert áreiti, engin umferðarljós, ekki sími eða annar streituvaldur. Aðeins vinna, sofa og borða."

Á þessu sjómennskutímabili var eitt atvik öðru fremur sem stóð upp úr. „Það var björgun ferjuflugmanns er flugvél hans lenti í sjónum stutt frá okkur.

Það var í mars árið 1984 að við vorum á heimleið eftir að hafa landað í Bremerhaven í Þýskalandi. Þegar við vorum að nálgast suðausturlandið þá var kallað í kallkerfið og var kallað: „Flugvél í sjóinn. Ræs, strákar, ræs, ræs." Þegar ég kom upp á dekk sá ég að það var flugvél í sjónum um 150 metra frá skipinu," segir Guðjón sem var þá háseti á Vigra RE.

„Við sáum flugmanninn komast út úr vélinni og hann lenti í sjónum. Skipstjórinn tók þá ákvörðun að komast nær manninum. Þegar 30-40 metrar voru í hann þá treysti hann sér ekki nær vegna hættu á að maðurinn lenti undir skipinu.

Ég sagði þá við Jón yfirvélstjóra að flugmaðurinn væri að deyja fyrir framan nefið á okkur.

Þá svaraði einn skipsfélagi okkar að við gætum ekkert gert þar sem við kæmumst ekki nær honum. Tekið skal fram að enginn léttabátur var um borð sem hægt hefði verið að nota við björgun. Það varð úr að ég sagði við Jón vélstjóra: „Komið með spotta, ég fer og sæki hann."

Það var suðvestan alda og sex vindstig. Krappur sjór. Einn skipsfélagi minn spurði mig hvort ég væri brjálaður og sagði að ég dræpi mig. Svaraði ég að það væri annað hvort að hrökkva eða stökkva.

Svo var spottinn bundinn utan um mig og ég stakk mér í sjóinn í gallabuxum og bol. Og ég man það alltaf að þegar ég lenti í sjónum þá hugsaði ég: Þú hefur nú alltaf verið vitlaus, Gaui minn, en aldrei svona vitlaus.

Flugmaðurinn flaut á bakinu og var orðinn meðvitundarlaus. Ég komst undir hann og og gat sett hann framan á bringuna á mér. Þegar hér var komið við sögu fann ég að kuldinn var að heltaka mig. Ég náði að krækja löppunum utan um hann og halda



Rhule flugmaður þakkar Guðjóni Guðmundssyni háseta lífgjöfina.
Morgunblaðið/Friðþjófur

Mynd: Morgunblaðið / Friðþjófur.

honum og vorum við þá dregnir að skipshlið. Þá vandaðist málið... það að koma okkur báðum um borð.

Ég tók þá ákvörðun að stinga mér undir manninn og grípa í kaðalstiga sem lá út úr síðu skipsins og náði Jón vélstjóri þá að kippa flugmanninum um borð og mér á eftir."

Guðjón Hafsteinn segir að þetta hafi verið töff. Hann segist sjálfur hafa verið í sjónum í tæpar 10 mínútur og marðist hann töluvert mikið við atganginn. „Spottinn marði mig og var brjóstkassinn allur marinn. Til að gera langa sögu stutta þá var ég heppinn að lifa þetta af. Það var engin hugsun á bak við þetta. Við hefðum báðir getað drepist. Sjórinn var að mig minnir í kringum þrjár gráður."

Hann segist hafa fengið sjokk þegar hann kom um borð. „Ég grét og grét og réð ekkert við það. Ég sagði við sjálfan mig: „Þegiðu, auminginn þinn. Hættu þessu helvítis væli." En ég réði bara ekkert við þessi viðbrögð. Það var nú bara þannig á þessum tíma að maður sá um þetta sjálfur; það var engin áfallahjálp, sálfræðingar eða neitt. En ég jafnaði mig tiltölulega fljótt."

Guðjón segir að það hlýi sér um hjartaræturnar að hafa getað bjargað manni. „Þetta er dýrmætt. Hann skrifaði mér svo bréf; en ég týndi því þegar ég var að flytja. Það þótti mér leitt. En hann er dáinn, þessi maður, en hann var á sjötugsaldri þegar þetta skeði."

Guðjón Hafsteinn segir að maðurinn hafi verið ferjuflugmaður og að þeim sé skylt að fljúga í flotgalla en maðurinn var ekki í slíkum galla. Hann bætir við að oft sé um að ræða þotuflugmenn sem eigi góð og löng frí og að sumir þeirra noti þau stundum til að ferja flugvélar fyrir kaupendur; Guðjón segir að maðurinn sem lenti í sjónum hafi sagt sér þetta. Í þessu tilfelli hafði ferjuflugmaðurinn millilent í Skotlandi til að taka eldsneyti en mótvindurinn var það mikill að eldsneytið kláraðist og flugvélin lenti í sjónum.

Hann segist eftir á að hyggja vera stoltur af þessu afreki. „Þetta er búið að vera í minningunni og oft er maður búinn að hugsa um þetta."

Guðjón Hafsteinn var svo heiðraður fyrir þetta afrek á sjómannadaginn árið 2022.





Áralöng reynsla og mikil þekking.
Höfum sérhæft okkur í Toyota viðgerðum síðan 1995.
Við vinnum samkvæmt ISO 14001 umhverfisstjórnunarstaðli.
Viðurkenndur þjónustuaðili
BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
587 1350 bifkop.is

Svava Jónsdóttir

VIÐ ERUM ALDREI EIN ÚTI Á SJÓ



Sjómennskan var aðalstarf Gísla Gíslasonar í áratugi. Hann hefur upplifað ýmislegt á hafi úti sem mætti kannski tengja við annan heim. Heiminn að handan. Eitthvað óútskýranlegt.

Hann ólst upp á Akranesi. Fjaran heillaði. Var leikvöllurinn. Einn af þeim.

„Ég var að sulla og vaða og veiða síli. Þegar maður varð aðeins eldri þá fengum við að veiða á bryggjunni. Það var okkar líf og yndi. Svo var spennandi að vera í kringum trillukarlana þegar þeir voru að koma í land. Ég fór sem smápolli niður á bryggju að sníkja í soðið og það var nú ekki leiðinlegt að draga steinbít heim til ömmu sem steikti hann með lauk og var með kartöflur og brúna sósu með. Það var ekki dónalegt.

Þetta laðaði mig bara einhvern veginn að sér. Það er eitthvað við sjóinn sem kallar. Ég veit ekki hvað það er en ég finn ofboðslega mikinn frið við sjóinn og í fjörunni. Þetta er mjög gefandi. Maður fyllist bara vellíðan. Það er einhver hreinleiki í náttúrunni; þetta er svipað og að fara til fjalla. Það gerist það sama þar. Fólk finnur bara frið."

Einveran

Gísli byrjaði að læra rafvirkjun en sjórinn lokkaði enn og laðaði. Honum bauðst að gerast háseti á Sigurborginni og þáði það boð og fór á netaveiðar. Og hann var á sjónum í tæp 30 ár.

Þegar kaflanum á netabátnum lauk fór hann á trillu með föður sínum, Loga Jóhannssyni. Flatey kallaðist trillan og þeir feðgar reru saman í nokkur ár. „Svo ákvað ég að fara á togara og varð háseti og var þar í nokkur ár og svo byrjaði ég með eigin útgerð; fyrst á handfæri og svo á línu. Það var mjög gaman."

Hvað er eftirminnilegast? „Ég hef lent í því að það hefur drepist á vél undir bjargi en við vorum sóttir og vorum aldrei í neinni hættu af því að hjálpin barst. Ég var síðan einn á trillu í mörg ár í alls konar veðri og ég hef aldrei fundið fyrir beyg fyrir utan í eitt skipti. Það var þannig að ég var á lítilli trillu sem var um tvö tonn og var að koma af handfæraveiðum og sat í stýrishúsinu í rólegheitunum og var að reykja mína pípu þegar mér var litið út um gluggann. Þá horfði ég í augun á háhyrningi sem var að stökkva upp úr sjónum. Það lá við að ég skiti í buxurnar en háhyrningnum brá jafnmikið og mér og fór gjörsamlega í kuðung og fór undir bátinn. Þetta er í eina skiptið sem mér hefur brugðið svona mikið og ég var í töluverða



stund að jafna mig eftir þetta atvik.“

Gísli er spurður hvað hafið sé í huga hans. „Frelsi. Það fylgir því mjög hentugur vinnutími að vera á sjó en gallinn er að maður er lengi í burtu. En þegar maður er heima þá er maður heima.“

Hann talar um dýralífið. Fuglalífið. „Þetta voru vinirnir. Þegar maður var á handfærum þá voru þeir allt í kringum bátinn og biðu eftir lifrarbita. Eins var það á línunni en þá eltu þeir bátinn og tíndu beituna sem datt í sjóinn. Það er alltaf mikið dýralíf í kringum mann þegar maður er á sjó þannig að maður er svo sem aldrei einn. Ég upplifði það ekki þannig og einhverju sinni ákvað ég að fara á grásleppu og þá komst ég að því hvað ég var vanur einverunni. Það var maður sem ákvað að fara með mér á grásleppu og tveimur dögum seinna ákváðum við að fara aftur til að draga grásleppunetin. Þegar við höfðum gert það frá því um klukkan sjö um morguninn og fram undir þrjú þá varð maðurinn allt í einu öskureiður, kastaði netateinunum á borðið og hálföskraði: „Þú talar aldrei neitt, maður.“ Það var þá sem ég uppgötvaði að ég var svo vanur að vera einn með sjálfum mér; mannleg samskipti voru eitthvað sem þurfti ekki að hafa nema bara einstaka sinnum í gegnum talstöðina. Sjálfum sér nógur er maður alveg.“

Nærveran

Einn eða ekki einn.

„Við erum aldrei ein úti á sjó. Og þó við sjáum ekki berum augum þá sem með okkur eru þá er alltaf einhver. Ég get ekki sagt að ég hafi séð neitt en ég hef einhvern veginn fundið fyrir nærveru. Maður hefur séð eitthvað skjótast út undan sér og það er enginn þegar maður lítur við,“ segir Gísli sem hefur þá verið einn um borð. „Þannig að ég held að það sé alltaf einhver með okkur öllum stundum sem lítur til með okkur. Ég get sagt þér sögu af því.

Það var þannig að þegar við pabbi vorum með fyrsta bátinn okkar, Flateyna, þá vorum við einhverju sinni að gera netin klár og lágum undir stórum netabáti. Allt í einu rak maður höfuðið út um kýraugað á bátnum og sagði við okkur: „Þið eruð ekki bara tveir á þessum bát.“ Svo skellti hann aftur kýrauganu og ég sá hann ekki meira. Pabbi þekkti

þennan mann og sagðist hafa heyrt að hann væri skyggn. Svo var þetta ekkert rætt meira.

Við fórum stuttu síðar að leggja grásleppunet vestur á Mýrum. Það var blankalogn og það hreyfði ekki vind. Pabbi var inni á stíminu og ég var aftur á að gera klárt. Ég var með á netaborðinu bauju sem átti að fara á næstu trossu. Og allt í einu datt baujan í hafið sem er með ólíkindum vegna þess að báturinn hreyfðist ekki og það var blankalogn. Ég skildi ekkert í þessu.

Þegar ég sá baujuna rúlla út af borðinu og út fyrir lunnungina og detta í hafið þá gargaði ég á pabba: „Snúðu, snúðu, baujan datt í hafið." Akkúrat þegar hann sneri stýrinu beygði báturinn fram hjá gömlu netatrolli sem var á floti. Ef við hefðum ekki misst baujuna í sjóinn þá hefði báturinn farið beint í þetta og við fengið í skrúfuna. Þetta hefði getað eyðilagt gírinn af því að við vorum á fullri ferð. Þannig að ég vil meina að þessi sem var með okkur hafi ýtt baujunni í sjóinn."

Taumurinn slitnaði

Gísli talar um að hann hafi almennt farið til veiða samkvæmt eigin tilfinningu að morgni og valið það svæði sem hann ætlaði að veiða á en í þau skipti sem hann hafði skipt um skoðun og ákveðið að fara annað hafi veiðin verið dræm.

„Ég var einhverju sinni á leiðinni á miðin og einn af félögum mínum var á svipuðu róli og hringdi í mig og sagði að það hafi verið svakalega mikið fiskerí í Flákakantinum og spurði hvort ég vildi ekki koma með og fara í Flákakantinn og við gætum bara lagt hlið við hlið í von um góðan dag. Ég sagðist ekki vilja það þar sem ég væri búinn að ákveða að fara suður fyrir á Bervíkina og leggja þar. Ég var alveg harður á því. En þegar ég byrjaði að leggja og allan tímann á meðan ég var að leggja balana sem voru 32 þá lóðaði ekki neitt og þar af leiðandi ekki neitt útlit fyrir fisk. En þrátt



Mynd/aðsend

fyrir það varð ég að standa með mínum ákvörðunum og klára að leggja. Síminn hringdi þegar ég var búinn að draga og þá var það þessi félagi minn sem sagði að þetta hafi verið hálfgerð Bjarmalandsför hjá sér. Hann hafði fengið tvö og hálft tonn en ég var með 32 bala og 13 tonn. Þannig að ef ég hefði ekki hlustað á sjálfan mig þá hefði ég fengið lítinn fisk þann daginn. Þannig að það er ákveðið traust sem maður hefur á svona."

Gísli talar um eitt undarlegt atvik í viðbót sem hann segist ekki geta útskýrt. „Ég fór út á Baulurif, sem er út af Akranesi, á milli lægða. Við vorum ekki með marga bala og ég vissi að það var að koma snarvitlaust veður. Ég lagði balana og svo byrjuðum við fljótlega að draga. Við urðum að hafa hraðar hendur til að draga og komast heim áður en veðrið skylli lá. Og ég dró frekar hratt. Ég teygði fram aðra hendina sem ég notaði til þess að stjórna spilinu og í því fór krókur á kaf í hendina og ég gat ekki stoppað spilið og hendin dróst að því. Svo heyrðist smellur og slitnaði taumurinn áður en hann fór í slítarann. Þannig að ég get ekki útskýrt þetta en þetta gerðist og ég held að einhver hafi lagt mér lið. Þetta var mjög skrýtið af því að ef ég hefði farið í spilið þá hefði farið mjög illa með hendina á mér."



Vilt þú innleiða ApplePay fyrir þína vefverslun?



kaktus

Sérfræðingar í vefverslunum

www.kaktus.is

Barn á sjó



Svava Jónsdóttir



Hoppaði og skoppaði í brjáluðu veðri

Svartir og hvítir Fossar Eimskips hafa áratugum saman siglt um heimsins höf og pabbi vann um borð í nokkrum þeirra með hléum þegar ég var barn og unglingur. Sjálf fór ég í nokkrar ferðir og kynntist ævintýrum Ægis um borð.

Kringlótt póstkort frá Tyrklandi. Það er ein fyrsta minning mín um sjómennsku pabba sem vann um árabil hjá Eimskip með hléum þegar ég var barn og unglingur. Ætli ég hafi ekki verið um þriggja ára. Og kringlótt póstkortið skrýddu myndir frá fjarlægum ævintýraheimi. Það var kringlótt eins og jörðin. Og hafið þekur jú hluta af þessari kringlóttu jörð og á því sigla skip og bátar um öll heimsins höf. Hafið kallaði á pabba eins og hafið hafði kallað á báða afa mína þó annar hafi siglt mest við Íslandsstrendur.

„Þetta er bangsinn minn," sagði barnið um svipað leyti. Barnið hafði átt bleikan bangsa sem var orðinn svo slitinn að dagar hans voru löngu taldir og vissi barnið að það fengi annan bangsa. Svo þegar pabbi kom einu sinni úr siglingu lá plastpoki við dyrnar fram á stigagang og lítil, brún eyru stóðu þar upp úr; bangsann keypti hann í stórversluninni Karstadt í Hamborg en slíkar stórverslanir voru víða þar í landi áratugum saman. Og barnið tók bangsann upp úr pokanum og sleppti honum varla næstu árin. Og hann fékk þýskt nafn. Bangsinn minn hefði ekki komist í mínar hendur ef pabbi hefði ekki siglt um höfin blá og farið til Hamborgar.

Fossarnir. Fossar Eimskips. Svart- og hvítmálaðir. Tignarlegir lágu þeir við bryggju í Sundahöfn en þangað fór ég oft með mömmu og systur minni til að sækja pabba þegar skipið sem pabbi var á lagðist að bryggju; eflaust hefur bangsinn minn stundum farið með. Oft stóðu skipverjar á dekkinu og veifuðu til fólksins síns.

Það var gaman þegar pabbi kom heim.

Fjölskyldur skipverja sigldu stundum með þeim til meginlands Evrópu og ætli ég hafi ekki farið um þrjár til fjórar svoleiðis ferðir á þessum árum. Einu sinni um hávetur. Þá lentum við í brjáluðu veðri á leiðinni heim. Kolbrjáluðu. Blankalogn en fram undan var svartur veggur og þegar skipið var komið þangað var fjandinn laus. Skipið hoppaði og skoppaði á öldunum. Hlutir færðust úr stað.

Jú, dagarnir liðu. Og skipið steig ölduna. Vaggaði. Valt. Og göngulagið var eftir því.

Gangarnir þröngir. Stigarnir svolítið brattir fyrir barn.

Öxin í glerboxinu á sínum stað á veggnum.

Hafið bláa hafið blasti við þegar litið

var út um kýraugað í káetu pabba sem og glugga á efri hæðum skipsins. Það var siglt til Englands. Pentillinn við Orkneyjar; fyrsta hugmyndin um land eftir siglinguna frá Íslandi. Allavega vissi maður að þar á svæðinu væri land þótt ekki sæist til lands. Á heimasíðu Alþingis segir: „Um Pentlandsfjörð er erfið siglingaleið því að þar er einhver mesta straumröst sem þekkist. Fjölmörg sjóslys hafa orðið á þessum slóðum." Fossarnir komust greiðlega í gegn og héldu för sinni áfram. Í minningunni var það skoska borgin Aberdeen sem sýndi barninu að nú væri land fram undan. Um kvöld skinu borgarljósin þar eins og stjörnur á sjálfum himninum. Skipið lagðist síðan mörgum tímum síðar að fyrstu höfninni sem var Felixstowe í Englandi. Og þaðan fórum við til bæjarins Ipswich sem er ívið stærri til að skoða okkur um.

Svo var siglt til Hamborgar. Stórborgarinnar Hamborgar. Höfnin í Hamborg er svo stór að við þurftum að taka bát til að komast að rétta staðnum til að geta svo haldið áfram með neðanjarðarlest í miðbæinn. Svo var leigubíll tekinn til baka af því að þá var búið að versla. Dýragarðurinn í Hamborg heillaði. Unga stúlkan með ljósu flétturnar skoðaði þar meðal annars fíla og bara alls konar dýr. Ætli apar hafi ekki verið þarna líka.
Svo var siglt til Antwerpen í Belgíu. Rotterdam í Hollandi.
Stundum voru fjölskyldur annarra skipverja í túrunum og í eitt skiptið var svo mikið af krökkum um borð að þetta var eins og heilt fótboltalið. Það var í þeirri ferð sem dekkið fylltist af fiðrildum þegar við vorum að nálgast Hamborg. Dýrin um borð... Einn skipverjinn keypti stóran páfagauk í einni ferðinni og það þótti barni vera spennandi.

Það þurfti að hafa eitthvað fyrir stafni um borð og stundum var spilað eða horft á sjónvarp. Eina myndin sem ég man eftir var Hulk; myndin um græna karlinn.
Ég veit ekki til þess að græni karlinn hafi nokkurn tímann verið til sjós. Hann getur svo sem hnyklað vöðvana en ég veit ekki hvernig hann hefði borið sig að í 16 vindstigum. Kannski hefði hann verið vælukjói og ekki haft rod í íslensku sjómennina.
Já, kringlótt póstkort frá Tyrklandi. Kringlótt jörð þar sem skip og bátar sigla um heimsins höf. Pabbi er einn af þeim sem siglt hafa um heimsins höf. Brjálaða veðrið... seinna sagði pabbi frá því að hann hafi einhvern tímann verið uppi í brú í svo brjáluðu veðri að skipið var nánast lóðrétt.
Mikið er ég fegin að pabba sakaði ekki á sjónum.







SJÓMANNA DAGUR

MÚLAÞING ÓSKAR SJÓMÖNNUM OG FJÖLSKYLDUM ÞEIRRA TIL HAMINGJU MEÐ SJÓMANNADAGINN

Svava Jónsdóttir



Eylíf

Kalkþörungar, kollagen og kítósan í íslenskum heilsuvörum

Fyrirtækið Eylíf framleiðir heilsuvörur úr íslenskum náttúrulegum hráefnum sem unnin eru á sjálfbæran máta. Sum þeirra eiga uppruna sinn í hafinu. Stofnandi og framkvæmdastjóri fyrirtækisins, Ólöf Rún Tryggvadóttir, stefnir að frekara vöruúrvali og jafnframt er unnið að því að koma vörunum á erlendan markað.



Ólöf Rún Tryggvadóttir, eigandi og framkvæmdastjóri fyrirtækisins, er lyfjatæknir og viðskiptafræðingur að mennt og er með um 30 ára starfsreynslu af heilsuvöru-markaðnum.

„Það eru svo frábær hráefni unnin og framleidd á Íslandi. Þeim fylgir mikil gæði og hreinleiki, rekjanleiki og svo sjálfbærni. Ég fór af stað með þessa vörulínu af því að mig langaði að búa til eitthvað nýtt úr þessum íslensku gæðahráefnum."

Ólöf Rún segir að hún hafi í rauninni starfað ein frá byrjun en hún hefur úthýst öllum verkefnum. „Ég er frekar óvenjulegur frumkvöðull en ég fæ sérfræðinga til að vinna fyrir mig verkefnin. Ég kaupi öll hráefni frá íslenskum framleiðendum þannig að ég er ekki að framleiða neitt sjálf í rauninni. Eini starfsmaðurinn sem er hjá mér er sölustjóri í hlutastarfi. Ég er með litla skrifstofu í Sjávarklasanum og þaðan úthýsi ég öllum verkefnum sem ég get ekki gert sjálf. Til gamans má geta þess að vegna þessa viðskiptamódels hefur litla sprotafyrirtækið sem rekur Eylíf-vörumerkið verið rekið með hagnaði frá byrjun."

Dýrmætt viðskiptasamband

Ólöf Rún segir að það hafi skipt sköpum þegar hún komst í samband við sérfræðinga hjá MATÍS sem sjá um þróun á samsetningunni á heilsuvörum Eylífar. „Eins er það mikilvægt að hafa sérfræðingana hjá Pharmarctica á Grenivík en þau taka þátt í þróun á vörunum, þau nýta gögnin frá MATÍS sem framleiðsluskjöl, sjá um formúleringar á nýjum blöndum, gera prufulotur og framleiða svo vörur Eylífar. Pharmarctica er með GMP-gæðastaðalinn sem fjallar um góða framleiðsluhætti og er þekktur í lyfjaiðnaði. Það er einstaklega dýrmætt viðskiptasamband við

þau sem við erum þakklát fyrir. Við erum að fara að markaðssetja húðvörulínu í haust og hefur Þórunn I. Lúthersdóttir, þróunarstjóri hjá Pharmarctica, þróað húðvörurnar fyrir okkur og hún er algjör snillingur í því en við höfum verið í samstarfi við að koma húðvörunum heim og saman fyrir lokaafurðina sem ráðgert er að koma á markað í október en vöruþróunarferlið hefur tekið rúmlega tvö ár."

Fyrir liðina, beinin, meltinguna, húðina og hárið

Eylíf framleiðir heilsuvörur úr hreinum, íslenskum náttúrulegum hráefnum sem unnin eru á sjálfbæran máta og eru þau án eiturefna, án aukaefna, ekki erfðabreytt, án soja og glúteins. „Kalkþörungar, kollagen og kítósan eru unnin úr hráefnum sem tengjast hafinu og við notum þau í Eylíf-vörurnar. Einnig eru í vörunum ýmis önnur íslensk náttúruleg efni eins og smáþörungar (Astaxanthin), sem eru framleiddir hjá Algalíf í Reykjanesbæ, íslenskar handtíndar jurtir frá fjölskyldufyrirtækinu Íslenskri hollustu í Hafnarfirði og kísillinn frá GeoSilica sem kemur frá affalli heita vatnsins á Hellisheiði. Allt eru þetta hráefni frá sjálfbærum íslenskum auðlindum."

Ólöf Rún segir að kalkþörungarnir séu magnað hráefni. „Þeir innihalda 74 stein- og snefilefni frá náttúrunnar hendi og er mikið búið að rannsaka áhrif kalkþörunga á heilsu gegn gigt, fyrir liðina, meltinguna og fyrir húðina. Við fáum kalkþörungana frá Ískalki á Bíldudal sem eru tíndir af hafsbotni við Arnarfjörð."

Kollagenið er úr þorskroðinu og segir Ólöf Rún að það virki vel á allan líkamann svo sem fyrir húðina og hárið, liðina og meltinguna. „Við fáum kollagenið frá Marine Collagen í Grindavík.

Rækjuskelin inniheldur kítósan, sem er ensím unnið úr rækjuskel, og kemur frá Primex á Siglufirði. Kítósan eru náttúrulegar trefjar sem draga í sig fituefni í meltingaveginum, gagnast meltingunni mjög vel, næra þarmaflóruna, binda í sig raka, virka vel fyrir slímhúðina og gerir meltinguna mýkri og betri."

Eylíf framleiðir í dag fimm vörur sem eru: Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS og Stronger LIVER. „Til að auka virkni íslensku hráefnanna styrkjum við blöndurnar með vítamínum, steinefnum, jurtum og meltingarensímum.

Active JONTS er langvinsælasta varan og það kemur til af því að fólk finnur hreinlega góðan mun þegar það er að nota vöruna. Í henni eru fjögur íslensk hráefni, kalkþörungar, smáþörungar, kísillinn frá GeoSilica og handtínt birki. Þessi hráefni virka mjög bólguhamlandi og vatnslosandi. Varan hefur heldur betur slegið í gegn og eru viðskiptavinir orðnir áskrifendur að vörunni. Margir þeirra eru með ýmiss konar gigt og virkar varan vel á gigt samkvæmt rannsóknum á kalkþörungum sem sýna að þeir eru góðir gegn slitgigt og einnig fyrirbyggjandi gegn beinþynningu."

Stronger BONES inniheldur tvö íslensk hráefni, kalkþörunga og GeoSilica-kísilinn ásamt vítamínum og steinefnum.

„Smoother SKIN & HAIR er næstvinsælasta varan okkar og inniheldur þrjú íslensk hráefni: Kollagen sem við fáum frá Marine Collagen í Grindavík, Astaxanthin (smáþörunga) sem við fáum frá Algalíf í Reykjanesbæ og svo GeoSilica-kísilinn sem kemur frá Hellisheiði. Varan mýkir húðina, styrkir hár og neglur ásamt því að reynast meltingunni og liðunum mjög vel."

Tvær vörur eru sérstaklega fyrir meltinguna: Happier GUTS og Stronger LIVER. „Þær innihalda íslenska kítósanið sem er í rauninni næring fyrir þarmaflóruna og gerir henni mjög gott og svo bætum við jurtum, kísilnum og vítamínum við. Kítósanið er svo gott fyrir hægðirnar; það virkar rúmmálsaukandi því að kítósan er náttúrulegar trefjar þannig að hægðirnar verða mýkri og betri hjá þeim sem eiga erfitt með hægðir og vandamál með meltinguna. Þannig að þetta er dúndurgott hráefni."

Útrás

Ólöf Rún hefur hug á að bæta við nýjum vörum og verður ný húðvörulína kynnt í haust. „Húðvörulínan verður að hluta til úr sömu hráefnum og við notum í dag og mun hún innihalda til dæmis kollagen, birkiolíu, þörungaextrakt og góðar olíur sem mýkja."

Ólöf Rún segist alltaf vera með fleiri vörur í kollinum eða á teikniborðinu. „Núna eru tvær vörur sem mig langar að þróa og láta framleiða sem innihalda Omega-3 fitusýrur."

Eylíf-vörumerkið hefur verið skráð í 30 löndum. Útrásin er hafin. Ólöf Rún fékk í fyrrahaust markaðsþróunarstyrk frá Matvælasjóði í tengslum við að hún hefur áhuga á að fara með vörulínuna erlendis. „Starfsmaður í íslenska sendiráðinu í Berlín er að setja í gang vinnu til þess að finna þýska dreifingaraðila. Eins erum við komin í samband við aðila í Bretlandi sem selur vörur fyrir aðra á Amazon í Bretlandi og einnig erum við búin að skrá vörurnar hjá FDA og á Amazon í Bandaríkjunum en ekki byrjuð að selja þar enn."

Ólöf Rún segir að markmiðið sé að árið 2030 verði farið að selja að minnsta kosti 10 heilsu- og húðvörur frá Eylíf í 10 löndum. „Við ætlum okkur að vaxa jafnt og þétt og ráða vel við vöxtinn því félagið er í einkaeigu fjölskyldunnar og höfum við ekki leitað til fjárfesta því við teljum farsælast að stjórna þessu vaxtarferli að fullu sjálf."

Jón Viðar Jónsson



Úr leikverkinu Mátulegir fást *Ljósmynd: Heimir Sverrisson*

TVEIR ÓLÍKIR „SMELLIR“ Á NÝJA SVIÐI BORGARLEIKHÚSSINS

Um og upp úr síðustu áramótum voru frumsýndar tvær sýningar á Nýja sviði Borgarleikhússins. Sú fyrri, Mátulegir, er leikgerð byggð á kvikmynd Danans Thomasar Vinterberg, Druk (Another Round á ensku) frá 2020, undir leikstjórn Brynhildar Guðjónsdóttur, leikhússtjóra Leikfélags Reykjavíkur. Hún hefur nú gengið fyrir fullu húsi frá frumsýningu og framhald boðað í haust. Ætli sé ekki hægt að kalla leikinn „alþýðlega kómedíu með alvarlegum boðskap“? Myndin sjálf hlaut mjög góðar viðtökur heima fyrir sem erlendis, verðlaun og viðurkenningar, þar á meðal Óskarsverðlaunin sem besta ekki-enska myndin það árið.

Hitt verkið er allt annars eðlis. Það er eftir þýska skáldið Peter Weiss og hefur frá því það kom fram á sjöunda áratug síðustu aldar jafnan verið kallað „Marat/Sade“ sem er stytting á mun lengri titli sem ég spara mér að romsa hér upp. Þetta er mjög pólitískt verk, en alls ekki í þeim skilningi að verið sé að troða ofan í okkur einhverjum hollum boðskap; nei, þarna eru leiddar fram tvær andstæðar meginstefnur sem báðar hafa legið að baki og brotist fram í því pólitíska umróti sem einkennt hefur Evrópusöguna og síðar mestalla veraldarsöguna undanfarnar tvær til þrjár aldir. Sýningin í Borgarleikhúsinu var samstarfsverkefni L.R. og LabLoka, en það er vörumerki Rúnars Guðbrandssonar sem hefur nær alfarið starfað sem sjálfstæður leikstjóri og framleiðandi í mörg ár. Rúnar er einn af okkar fremstu leikstjórum, kröfuharður og hugmyndaríkur listamaður sem oftast má treysta að hafi eitthvert erindi með sýningum sínum. Marat/Sade bregst í engu þeim væntingum sem maður gerir orðið til sýninga hans.
Þó að seint sé ætla ég að segja hér nokkur orð um báðar þessar sýningar, því að þær eiga athygli skilið, hvor á sinn hátt.

Danskur drykkjuskapur

Ég skal fúslega játa að ég varð undrandi á þessu verkenavali L.R. þegar ég heyrði fyrst af því. Bæði er myndin mörgum í fersku minni, hefur meiraðsegja dottið inn á Netflix, auk þess sem maður hlaut að spyrja hvort leiksviðið væri líklegt til að skila einhverju betur en myndin. Engu að síður viðurkenni ég jafn fúslega að sýningin hafi átt rétt á sér sem „áhorfenda-smellur“, sem ég hygg að vísu að sé að verulegu leyti leikendunum fjórum og vinsældum þeirra að þakka. Það leyndi sér allténd ekki á þeirri sýningu sem ég sá nú undir vorið að áhorfendur skemmtu sér alveg ljómandi vel. Jafnvel of vel, gæti ég freistast ég til að segja.

Og nei, mér finnst leikgerðin standa myndinni mjög að baki og það jafnvel þótt Tomas Vinterberg muni hafa samið hana sjálfur. Meðal þess sem að henni hefur verið fundið er að drykkjufélagarnir fjórir, sem myndin segir frá, eru hér einu persónurnar; allir umhverfis þá, makar, börn, starfsbræður og nemendur, allt þetta fólk er strikað út - eins þótt það sé



Ljósmynd: Heimir Sverrisson

Mátulegir fást

enginn þarflaus rammi í myndinni heldur mjög virkur þátttakandi í þeirri ógæfu sem þessir fjórir samkennarar rata í þegar þeir taka upp á þeirri fásinnu að fara að gera „tilraun“ með þol sitt fyrir áfengi. Ég get ekki annað en verið sammála þeirri aðfinnslu.

Þó að myndin fjalli um fjóra menn, þá er okkur ekki hleypt jafn nærri þeim öllum. Þar er það snillingurinn Mads Mikkelsen í hlutverki sögukennarans Martins sem í reynd ber myndina uppi og bregst hvergi fremur en fyrri daginn. Flöktandi myndataka Dogma-skólans ásamt djarflegri notkun nærmynda styður leiktúlkun hans og hinna kolleganna þriggja; við bæði sjáum og skynjum hvernig alkóhólið nær tökum á þeim og dregur tvo þeirra niður í sinn svarta svelg sem aðeins endar á einum stað. En þannig er alkóhólisminn nú einu sinni: sumir geta neytt áfengis í miklu magni án þess að ánetjast því; öðrum dugir rétt að reka í það tunguna til þess að verða helteknir af nautninni. Sjúkdómur sem enginn veit hvað veldur – eða getur séð fyrir – og læknavísindin hafa engin ráð við.

Af leikurunum fjórum skaraði Jörundur Ragnarsson fram úr, enda er hlutverk hans hér orðið að þeim burðarási sem hlutverk Martins er í myndinni, og Jörundur nýtti tækifærið vel. Hilmir Snær sem leikur Martin nær aftur á móti ekki vopnum sínum þetta kvöld. Hilmir er alltaf stór leikari, en þegar leikur hans lendir í klisjum, þá verður úr ein stór klisja: rödd sem dregur seiminn og svolítið slyttislegar hreyfingar, nokkuð sem við erum löngu búin að sjá nógu oft. Halldór Gylfason skilar sínu vel, en það er varla við hann að sakast heldur höfund leikgerðar að örlög mannsins verða hvergi nærri jafn átakanleg og í myndinni, þar sem lýsing hans er á mun tempraðri nótum.

Þegar upp er staðið sit ég eftir með þá tilfinningu að tilgangurinn með því að semja leikrit upp úr kvikmyndhandritinu að Druk hafi aðallega verið sá að græða á því. Mér finnst það ekki sérstaklega lofsvert, en á hinn bóginn er auðvitað ánægjulegt að Leikfélagið skuli hafa fundið það kassastykki sem því hefur svo sannarlega ekki veitt af á því ærið brösótta leikári sem nú er að baki. Leikhús lifa ekki á loftinu, gleymum ekki því!

Gleðilegan sjómannadag

Efling stéttarfélag óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn



EFLING STÉTTARFÉLAG

Barátta fyrir betra lífi

Pólitískt leikhús sem alltaf á erindi

Ég hef áður tjáð mig stuttlega um sýninguna á Marat/Sade á þræði mínum á Fésbókinni, raunar tvisvar, því að sýningin batnaði mjög eftir frumsýninguna og mér fannst sjálfsagt að láta það berast. Þetta var talsvert flókin sýning, með fjölmennum og ærið litskrúðugum leikendahópi sem er inni á sviðinu allan tímann og lifandi tónlistarflutningi sem fléttast skemmtilega inn í það sem fram fer. Þar við bættist að sýningin hafði sem slík ákveðna leikhúspólitíska skírskotun, því að leikarar í henni voru nær allir komnir yfir sjötugt og sá elsti að nálgast nírætt. Það hefur lengi verið rætt innan leikhúsgeirans að þessir leikarar, sem langflestir eru við góða heilsu í fullu fjöri, séu sorglega vannýttir (oft bera leikhússtjórar við kostnaði); að þeir séu það ómaklega staðfesti sýningin svo ekki varð um villst. Við óbreyttir leikhúsunnendur vonum að leikstjórar og aðrir stjórar dragi lærdóm þar af – og það sem allra allra fyrst!

Marat/Sade er, eins og ég skil verkið, skörp ádeila á þá veruleikafirringu sem allar blóðugar þjóðfélagsbyltingar hljóta að enda í. Menn dreymir háleita drauma um frelsi og réttlæti og jafnan rétt fólks, hugsjónir sem í reynd hefur gengið æði illa að sameina, því að frelsið verður alltaf að vera innan ákveðinna marka, eigi það ekki að leiða til upplausnar og sundurlyndis. Allir geta aldrei gert eða fengið allt sem þá langar í eða telja sig eiga rétt á, og mannskepnan er af náttúrunni eigingjörn og þroski mannlegs samfélags hefur byggst á því að reisa skorður við hneigð hennar til að taka sem mest til sín, hvað sem það kostar. Franska byltingin 1789 er eins og skólabókardæmi um þetta (segir Weiss), því að hún leiddi af sér stjórnlaust morðæði og síðar ógnarstjórn fáeinna manna eða klíkubræðra; það má vel orða það þannig að leitin að réttlætinu hafi drukknað í skefjalausu ofbeldi fjöldans sjálfs eða þeirra sem reyndu að koma böndum á múgæsingarnar með hjálp þess aftökutækis sem í augum síðari tíma hefur orðið líkt og tákn fyrir frönsku byltinguna: fallexinni. En samkvæmt kaldrifjaðri rökvísi byltingarinnar, þá var fallexin einkar mannúðlegt aftökutæki í samanburði við það sem lýðurinn gerði þegar hann tók réttvísina í eigin hendur og tætti fórnarlömb sín bókstaflega í sundur.

Leikur Peters Weiss fer fram á geðveikrahæli árið 1808.





Marat/Sade *Ljósmyndir: Gunnlöð Jóna Rúnarsdóttir*

Tímasetningin er ekki út í bláinn; þá var aftur komin sæmileg kyrrð á í frönsku þjóðfélagi með því að Napóleon hafði tekið völdin í sínar hendur og svo að segja „fryst" byltinguna – í bili. Og þannig hafa byltingar síðustu tveggja alda oftast endað: í einræði Leníns og Stalíns, Mússólínis, Hitlers, Maós, Castrós – og er ekki Pútín einnig glöggt dæmi; einvaldur sem hefur náð að rífa þjóðina upp úr því ófremdarástandi sem hún fékk að reyna eftir að Sovétið hrundi og ráðamenn hugðust koma á borgaralegu þjóðfélagi í anda nýlíberalismans, tilraun sem leiddi til þess að auðæfin söfnuðust í hendur fáeinna spilltra olígarka og við vitum öll hvernig fór. Þar er hliðstæðan við frönsku byltinguna æpandi – og svo er miklu oftar.

Ég er ekki viss um að leik Weiss yrði jafn vel tekið í dag og þegar hann kom fram, allténd ekki af því „góða fólki" sem telur sig samvisku heimsins og gæti vissulega með þó nokkrum rétti bent á að hér sé spilað á fordóma almennings um geðveikt fólk, þar eð vistmennirnir á hælinu eru notaðir til að tákngera þá „vitfirringu" sem byltingarnar fæða af sér. En eins og ég sagði hér í byrjun, þá beinist greining Weiss umfram allt að þeim andstæðu straumum hugmynda sem hann lætur þá Marquis de Sade og Marat vera fulltrúa fyrir. Rýmið leyfir mér ekki að fara hér ofan í deilur þeirra, en þar hallar eðlileg á Marat, sem birtist hér sem persóna, leikbrúða, í leik sem Sade hefur skrifað og sviðsetur; en reyndar er áhrifamáttur leiksins ekki síst fólgin í því hversu listilega hann dansar á mörkum þess fyrirsjáanlega og þess ófyrirsjáanlega. - Ég veit ekki hvort sýning Lab Loka verður tekin aftur upp í haust, sem hún á sannarlega skilið; hins vegar hef ég sannspurt að sjónvarpsgerð að henni sé í vinnslu og jafnvel heimildamynd um hana. Hvort tveggja vekur forvitni manns og tilhlökkun.

Lögmannsstofa Sævar Þórs og partners

óskar sjómönnum og landsmönnum öllum
til hamingju með sjómannadaginn

LÖGMANNSSTOFAN
SÆVAR ÞÓR & PARTNERS



Svava Jónsdóttir





Sinn eigin herra

Rakel Jóhannsdóttir er sjálfstætt starfandi bókari og hefur undanfarin sumur róið á bátnum sínum, Boggu, og veitt þorsk. „Þeir segja að það sé greinilegt að kona eigi þennan bát. Hann er svo þrifalegur. Það sést alveg; ég þríf vel.“

Rakel Jóhannsdóttir er sjálfstætt starfandi bókari og hefur undanfarin sumur róið á bátnum sínum, Boggu, og veitt þorsk. „Þeir segja að það sé greinilegt að kona eigi þennan bát. Hann er svo þrifalegur. Það sést alveg; ég þríf vel.“

Rakel Jóhannsdóttir er skipstjóradóttir. „Allir bræður mínir voru sjómenn á einhverjum tímapunkti og þetta hefur alltaf verið nálægt mér,“ segir Rakel sem vann skrifstofustörf áður en hún fór á sjó tæplega fimmtug.

Hvaða augum leit hún sjóinn áður en hún fór svo sjálf á sjóinn? „Hann var svolítið „hetju-eitthvað“ en mér finnst það ekki í dag af því að ég get þetta.“ Hún hlær. „Ég leit alltaf upp til þeirra sem gátu verið og voru á sjó.“

Hún hætti árið 2014 í krefjandi skrifstofustarfi og þá bað bróðir hennar og sjómaðurinn Gunnar hana um að vera í kokkur í einn túr í rækjuleiðangri. Hún fór með viku fyrirvara og eldaði ofan í 15 manns og naut þess. Fann fyrir frelsistilfinningu. „Gunnar vissi að ég væri að hætta í vinnunni og hann vissi að ég gat eldað mat, hann manaði mig í þetta og það var ekki aftur snúið. Þetta var ótrúlega skemmtilegt. Það var fólk frá Hafrannsóknarstofnun um borð og það tóku mér allir mjög vel og það var bara frelsi að komast út á sjó. Þetta var æði.“

Þessi túr vatt upp á sig. Boltinn var farinn að rúlla. Og hann rúllaði beint út í sjó. Rakel fór svo að vinna á báti Gunnars og var með honum meðal annars á rækju til áramóta 2015.

„Í byrjun árs 2016 vantaði háseta á rannsóknarskipið Árna Friðriksson, Gunnar benti þeim á mig og úr varð að ég fór með þeim sem háseti. Ég varð fimmtug um borð og hélt áhöfnin veislu fyrir mig.“

Hún varð í framhaldinu aðstoðarkokkur um borð og var þar í eitt ár. En hvernig var að vera háseti á Árna Friðrikssyni áður en hún fór að vinna í eldhúsinu? „Ég hafði náttúrlega verið hjá Gunnari en aldrei á svona stóru skipi en þeir sýndu mér, hjálpuðu og örugglega hlífðu. Ég held að það hafi gengið ágætlega; allavega var mér ekki sagt annað. Við vorum í loðnuleit og trollið sett út og togað/ híft þegar við átti.“

Síðasti móhíkaninn

Rakel var aðstoðarkokkur um borð í Árna Friðrikssyni þar til annar bróðir hennar seldi henni bátinn sinn, Boggu, og tók hún pungapróf í kjölfarið. Hún segist hafa keypt bátinn án þess að hugsa málið þegar henni bauðst að kaupa hann og talaði ekki um það við fjölskyldu sína.

„Það er búið að ganga á ýmsu. Fyrsta árið fór sjókælir í vélinni þannig að það sumar var þess vegna að mestu ónýtt af því að þessi vél var eiginlega orðin síðasti móhíkaninn. Það var erfitt að fá varahluti í hana en svo bjargaðist það og var hægt að redda þessu. Vélin hrundi svo alveg sumarið á eftir. Ég keypti þá uppgerða vél sem var sett um borð. Annar sonur minn hefur verið sá sem hefur hjálpað mér að gera allt og græja um borð. Hann setti niður vélina og skipti um rafbúnað í henni og hefur haldið bátnum alveg við fyrir mig í rauninni og ég hringi í hann og



spyr hvað eigi að gera þegar eitthvað bjátar á.“

Frelsið og kyrrðin

Rakel segist oft hafa orðið hrædd. „Manni er ekkert sama. Það er mikið af hval í kringum bátana og mér er ekkert sama um það. Ekki það að þeir geri manni nokkurn skapaðan hlut en ef þeir stökkva upp úr sjónum eins og hnúfubakurinn gerir mjög mikið þá er ekkert sniðugt að vera nálægt þeim þegar þeir lenda aftur. Þá ryðja þeir miklu magni af sjó frá sér. Ég hef séð það en ekki verið nálægt.“

Hún segir að veiðin hafi verið ágæt. „Ég geri bara eins og ég get í hvert sinn. Ég hætti þegar ég er orðin þreytt og ég fer ekki ef ég treysti mér ekki til þess. Ég er ekki föst í að fara hvern einasta dag. Ég fer bara þegar mér sýnist. Það má róa í 12 daga á mánuði og ég má veiða 770 kíló á dag fjóra daga vikunnar.“

Og hún veiðir þorsk.

Hvernig er að vera ein á sjó?

„Það er bara dásamlegt.“

Hvað upplifir hún?

„Kyrrð. Ró. Fegurð. Þetta er bara mikilfenglegt. Eða mér finnst það.“

Hún segir að kuldinn sé verstur. „Manni verður oft svo rosalega kalt. Það er eiginlega sama hvernig maður klæðir sig. Síðustu vikur er búið að vera rosalega kalt; nístir inn að beini.“

Rakel er spurð hvað það gefi henni að vera á sjónum.

„Það er frelsið og kyrrðin. Mér finnst þetta vera gaman. Mér finnst vera spennandi að sjá hvað kemur á öngulinn.“

Þessu fylgir lærdómur.

„Maður þarf stundum að stappa í sig stálinu og herða sig og taka því sem að höndum ber.“

Rakel Jóhannsdóttir er spurð hver sé mesti kosturinn við það að vera kona á sjó.

„Það er enginn sérstakur kostur og ekki heldur ókostur. Þeir segja að það sé greinilegt að kona eigi þennan bát. Hann er svo þrifalegur. Það sést alveg; ég þríf vel.“



KG fiskverkun
óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra
til hamingju með daginn.





Reynir Traustason



Þrír forsetar og afi Stjörnu-Sævars á fjallinu - Mér finnst rigningin góð

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, lét sig ekki muna um að ganga upp Úlfarsfell í slagviðri til að hlusta á Reiðmenn vindanna flytja tónlist í skjóli Stórahnúks. Fagnaðarfundir urðu þegar forseti lýðveldisins hitti fyrir núverandi og fyrrverandi forseta Ferðafélags Íslands við upphaf göngunnar, þau Ólaf Örn Haraldsson, fyrrverandi forseta, og Ólöfu Kristínu Sívertsen, núverandi forseta, sem ræsti gönguna á fjallið. Guðni hafði á orði að það gæti verið sniðugt að stofna hagsmunasamtök forseta.

Í tjaldinu í skjóli Stórahnúks voru Reiðmenn vindanna ásamt Sölku Sól og Helga Björns tilbúin til að hefja skemmtunina. Hundruð manns á öllum aldri voru mætt á fjallið. Þeir yngstu voru hvítvoðungar. Svo voru nokkrir sem voru á níræðisaldri og allt þar á milli. Sævar Helgason útivistarmaður og afi þess þekkta Stjörnu-Sævars kom fyrst á fjallið eftir að síðari heimstyrjöldinni lauk fyrir um 80 árum. Þá hafði fjallið verið lokað almenningi öll stríðsárin. Sævar var hæstánægður þrátt fyrir slagviðrið og skemmti sér konunglega. Hann hefur síðan komið nokkrum sinnum á fjallið og sagt frá því þegar fjallið var leyst úr hershöndum og hann kom þar upp. Reyndar liðu um 50 ár þangað til hann kom aftur þangað en síðan hefur hann verið tíður gestur.

Eftir að Ólöf hafði ávarpað fólkið flutti Guðni forseti sitt ávarp. Þar útskýrði hann ástæðu þess að hann vitnaði til texta Helga Björns, Vertu þú sjálfur, í áramótaávarpi sínu og gerði þessi orð í raun að einkunnarorðum sínum. Það lá auðvitað í augum uppi að hljómsveitin myndi taka umrætt lag með Helga og Guðna forseta sem forsöngvara. Þetta sló í gegn hjá áhorfendaskaranum sem tók undir í viðlaginu. Salka Sól tók nokkur lög með hljómsveitinni og heillaði fólk með söng sínum. Fólk sannfærðist enn betur um að hún er ein allra fjölhæfasta söngkona landsins.

Regn og vindur færist í aukana. Guðni forseti var hinn kátasti í slagviðrinu og vildi meina að þetta væri ein af fjölmörgum og fallegum hliðum íslenskrar veðráttu. Einhver bauð honum bílfar niður af fjallinu en hann þvertók fyrir það. Hann ætlaði ekki að láta slíkt spyrjast um sig og lenda jafnvel á forsíðu Mannlífs. Salka Sól þáði aftur á móti bílfarið því hún þurfti að drífa sig á úrslitaleik í körfuboltanum. Tindastóll og Valur voru að berjast til úrslita. Hún er auðvitað tengdadóttir Skagafjarðar og studdi Stólana. Þeir unnu.

Lokalagið hjá Reiðmönnum vindanna var að sjálfsögðu: „Mér finnst rigninging góð." Höfundur textans, Vilborg Halldórsdóttir var auðvitað mætt. Það var glimrandi stuð hjá áhorfendum sem lýsti yfir velþóknun sinni á slagviðrinu. Eftir frábæra kvöldstund hélt mannfjöldinn aftur niður fjallið með forsetanum sem hélt áfram að dásama íslenska veðrið. „Hvar annars staðar en á Íslandi myndi það gerast að þjóðhöfðinginn stæði í slíku slarki með fólkinu sínu?" spurði einn gestanna og svarið lá í augum uppi.



Guðni Th. Jóhannesson forseti blandaði geði við unga sem aldna.

Mynd rt



Salka Sól að prófa hljóðið.



Sævar Helgason kom fyrst á fjallið fyrir 78 árum. Hann er hörkutól.











HOTEL
GEYSIR

hotelgeysir hotel_geysir / geysirrestaurant
+ 354 4806800 geysir@geysircenter.is
www.hotelgeysir.is



Margrét Kristín Pétursdóttir, forstöðumaður gæðamála hjá Vísi og formaður Félags kvenna í sjávarútvegi, svarar hér nokkrum spurningum.

Fjölskylduhagir?
Gift Jóhanni Helgasyni og eigum við þrjú stórkostleg börn, Helga Hafstein, 14 ára, Kamillu Kristínu, 10 ára, og Árna Hafberg, fimm ára. Svo má ekki gleyma kettinum Nölu sem er níu ára.

Menntun/atvinna?
Bsc. í líftækni. Forstöðumaður gæðamála hjá Vísi og formaður Kvenna í sjávarútvegi

Uppáhaldssjónvarpsefni?
Venjulega eru íþróttir í sjónvarpinu á okkar heimili en þegar íþróttadagskrá lýkur reyni ég að horfa á þá þætti sem fá bestu einkunnina hjá samstarfsfélögum. Þessa stundina eru Tvíburaþættirnir hennar Ragnhildar Steinunnar í sérstöku uppáhaldi, enda ég sjálf tvíburi og elska hvernig þættirnir gefa innsýn inn í tvíburaheiminn.

Leikari?
Will Farell og Johnny Depp hefur líka alltaf verið minn maður.

Bók eða bíó?
Bæði betra. Ég elska að detta í lestrargírinn en ef mikið er að gera þá er lesturinn fyrstur að fara.

Besti matur?
Saltfiskur frá Vísi; ekki spurning.

Besti drykkur?
Sykurlaust appelsín og auðvitað Boli.

Nammi eða ís?
Helst ekki takk kærlega fyrir.

Kók eða pepsi?
Finn ekki muninn sem menn eru að tala um. Sódavatnið finnst mér alltaf best og sérstaklega ef það er í dós.

Fallegasti staðurinn?
Landmannalaugar.

Hvað er skemmtilegt?
Að upplifa nýja hluti og vera innan um jákvætt og hvetjandi fólk.

Hvað er leiðinlegt?
Að vera innan um neikvætt og þröngsýnt fólk.

Hvaða flokkur?
Í augnablikinu er það Sjálfstæðisflokkurinn.

Hvaða skemmtistaður?
Er minna að stunda skemmtistaðina þessi misserin en Ara í Ögri-stemmningin fannst mér allaf skemmtilegust; elska gítarpartí.

Kostir?
Jákvæð, samviskusöm og kraftmikil.

Lestir?
Óstundvísi; tímaskynið mitt er efni í gott rannsóknarverkefni.

Hver er leiðinlegur?
Aðili sem segir nei þegar ég fer í hvatvísisgírinn.

Trúir þú á tilvist drauga?
Já.

Stærsta augnablikið?
Fæðing barna minna er auðvitað á toppnum. En upplifunin af því að vera í stúkunni þegar Íslands vann England þarna um árið á EM er líka frekar stórt. Ég á mjög auðvelt með að lifa mig mikið inn í hlutina og þar af leiðandi verð ég frekar uppveðruð af alls konar augnablikum.

Mestu vonbrigðin?
Mestu vonbrigðin tengjast yfirleitt einhverjum íþrótta-viðburðum; og það frekar reglulega.

Hver er draumurinn?
Að hafa heilsu og kraft til að fara í þau verkefni sem ég brenn fyrir og upplifa sátt eftir hvern dag.

Mesta afrek sem þú hefur unnið á þessu ári?
Að hafa haldið utan um Félag kvenna í sjávarútvegi og fengið að kynnast fullt af frábæru fólki - og svo auðvitað öll þau skiptin sem ég hafði betur í kappi við tímann.

Ertu búin að ná öllum þínum markmiðum?
Nei, biddu fyrir þér. Það koma ný markmið með hverju árinu.

Manstu eftir einhverjum brandara?
Nei, ég er meira svona fyrir það að hlægja að bröndurum. Það kemur mér líka alltaf skemmtilega á óvart hvað ég hef gaman af fimmaurum.

Vandræðalegasta augnablikið?
Ég á mjög auðvelt með að gleyma óþægilegum augnablikum þannig að ég kýs að muna þau ekki.

Sorglegasta stundin?
Að missa ástvini og átta sig á hvað lífið er stutt.

Mesta gleðin?
Þegar ég upplifi að ég er á hárréttum stað á hárréttum tíma.

Mikilvægast í lífinu?
Njóta lífsins og láta gott af sér leiða.



Rás 16 **er neyðarrás sjófarenda og alltaf opin.**
Það að þú hlustir á hana getur skilið á milli lífs og dauða.

Samgöngu- og
sveitarstjórnarráðuneytið
Siglingaráð

Samgöngustofa



Olive Garden kjúklingapasta

Olive Garden kjúklingapasta er auðveldasta máltíðin sem elduð er í pottjárni (crockpot). Máltíðin passar þess vegna sérstaklega vel með pasta.

Hráefni:

600 grömm kjúklingabringur bein- og roðlausar

170 grömm Olive Garden Ítölsk dressing. Ég mæli með heimagerðum!

½ bolli rifinn parmesan

220 grömm rjómaostur

450 grömm ósoðið penne pasta

Aðferð:

Bætið hráefnunum í pottinn. Settu fyrst kjúklingabringurnar í, helltu síðan allri flöskunni af ítölsku dressingunni yfir kjúklinginn. Toppið með parmesanosti og setjið rjómaostinn ofan á.

Setjið lok á pottinn og eldið við 160 gráður í um það bil eina klukkustund. Kjúklingurinn er tilbúinn þegar innra hitastig þykkasta hluta bringunnar er orðið 74°C.

Rétt áður en kjúklingurinn er tilbúinn skaltu elda pastað samkvæmt leiðbeiningum á pakka. Sigtið og leggið til hliðar. Þegar kjúklingurinn er soðinn skaltu rífa hann í sundur með tveimur göfflum, passaðu að tæta hann ekki of fínt.

Bætið pastanu við kjúklinginn og sósuna í pottinum og hrærið varlega saman. Berið fram heitt með brauðstöngum og salati.

Strandastuð

með Ferðafélagi Íslands

LJÓÐIÐ Í FJÁRHÚSINU

Chris Foster og Bára Grímsdóttir



Föstudagur 16. júní

Kl. 16.00 Mæting á Valgeirsstaði. Stutt ganga um plássið. Krossneslaug heimsótt.

Kl. 20.00 Grill og kvöldvaka í Fjárhúsinu.

Laugardagur 17. júní

Kl. 08.00 Gengið á Glissu.
Kl. 20.00 Kvæðamannakvöld og sögustund undir stjórn Guðmundar Arngrímssonar landslagsskálds frá Dröngum og Seljanesi. Hagyrðingar kveðast á. Söngur í Fjárhúsi. Breski þjóðlagasöngvarinn Chris Foster og Bára Grímsdóttir kvæðakona flytja verk sín.

HAFIÐ OG FJÖLLIN (ERU EKKI ALLIR SEXÝ)

HELGI BJÖRNS



Fimmtudagur 22. júní

Kl 17.00 Mæting á Valgeirsstaði
Kl. 17.30 Stutt ganga um þorpið.

Föstudagur 23. júní

Kl. 09.00 Gengið á Glissu.
Kl. 15.00 Sjóbað.
Kl. 20.00 Kvöldvaka með Helga Björns í Fjárhúsinu.

Laugardagur 24. júní

Kl. 09.00 Gengið á Urðartind. Grill og kvöldvaka

Sunnudagur 25. júní

Kl. 09.00 Gengið í Kistuvog. Heimsókn í Kört og kirkjurnar tvær. Ferðalok.

ÖRKIN Í SUMRI OG SÓL

GÓSS



Föstudagur 14. júlí

Kl. 18.00 Mæting á Valgeirsstaði. Stutt ganga um þorpið.
Kl. 20.00 Kvöldvaka með Góss í Fjárhúsinu.

Laugardagur 15. júlí

Kl. 09.00 Gengið á Örkina. Sjóbað á eftir. Fiskisúpa á Kaffi Norðurfirði.

Sunnudagur 16. júlí

Kl. 09.00 Kirkjurnar heimsóttar. Kistuvogur skoðaður.
Kl. 14.00 Kveðjustund.

GLISSA SVO GLEÐ OG FÖGUR

KK



Föstudagur 28. júlí

Kl. 18.00 Gönguferð um þorpið.
Kl. 20.00 Tónlistarmaðurinn KK (Kristján Kristjánsson) leikur og syngur á kvöldvöku í Fjárhúsinu.

Laugardagur 29. júlí

Kl. 09.00 Glissa.
Kl. 20.00 Grill og kvöldvaka.

Sunnudagur 30. júlí

Kl. 10.00 Gengið á Reykjaneshyrnu.
Kl. 14.00 Kveðjustund í Gjögri.

STINGUM AF Á STRANDIR

MUGISON



Föstudagur 11. ágúst

kl. 18.00 Mæting á Valgeirsstaði Gengið á Krossnesfjall

Laugardagur 12. ágúst

Kl. 09.00 Gengið á Urðartind. Sjóbað eftir göngu og Krossneslaug.
Kl. 18.00 Kjötsúpa á Kaffi Norðurfirði.
Kl. 20.00 Kvöldvaka með Mugison í Fjárhúsinu.

Sunnudagur 13. ágúst

Kl. 09.00 Heimsókn í kirkjurnar og á Kört.

Heimferð.

Ferðafélag Íslands • Mörkinni 6 • www.fi.is • 568-2533

Svanur Már Snorrason



PABBAR GETA GRÁTIÐ

Ég var lengi vel afar lokuð og erfið sál; allt snerist um að líta vel út á yfirborðinu og vera flottur.

Sem sagt tómur.

Lífið í tóminu var ekki alltaf slæmt; maður finnur alltaf einhverja gleði hér og þar - en hún var einungis brúkleg til skamms tíma; síðan kom þynnkan; efinn; mórallinn og næsta helgi.

Hringrás tómleikans bítur í skottið á sér eftir ákveðinn tíma; þá hefur maður fengið ógeð á sjálfum sér og langar að baða sig upp úr hver rétt við Krýsuvík. Taka alla djöflana með sér ofan í og vona að þeir komist ekki upp á yfirborðið aftur.

En það er hins vegar bara undir manni sjálfum komið.

Það tók langan tíma að átta mig á þeirri staðreynd. Ég sem hélt alltaf að ég væri svo vel gefinn; svo gáfaður; æðislegur íþróttamaður og geggjaður námsmaður. Nei. Ég var bara tómur; besti vinur tómleikans heitir heimska.

Ég hef gefið öðrum nokkur þung högg og ég hef fengið slatta af slíkum höggum á mig: Viðbrögðin voru oftast voða lítil hjá mér og það sem ég hélt alltaf á lofti var að ég væri maður sem gæfist aldrei upp. Allavega ekki fyrr en ég væri á leið inn í ofninn.

Flott afsökun. Bull. Þvæla og endemis þvæla á þvælu ofan. Lífið er kúla og jörðin er flöt; ávextir súrna og þú getur ekki bara lifað á hafragraut án þess að gubba upp í sjálfan þig.

Lausnin á svona er líklega afar einstaklingsbundin. Tengd persónuleikanum.

Ég gafst bara upp á þessu; gleypti þýska handsprengju úr fyrra stríði; hún sprakk og ég fór í tætlur - dreifðist út um allt. Nýtti svo tímann sem áður fór í volæði og sjálfsniðurrif til að byggja eitthvað úr tætlunum; úr rústunum. Og það tók sinn tíma.

„Allt hefur sinn tíma“ var pabbi vanur að segja við mig þegar ég varð hvað óþolinmóðastur yfir öllu og engu. Góð orð hjá ótrúlega góðum manni.

Þegar mesti stormurinn var genginn yfir mig og aðra og þá sem ekkert sáu og þá sem alltaf sögðu að ef þeir myndu fá annað tækifæri í lífinu myndu þeir engu breyta (þeir síðastnefndu eru mestu lygarar mannkynssögunnar) fór verkið að taka á sig mynd.

Ekkert ósvipað og myndin af Dorian Grey - nema að hjá mér var málverkið að breytast á þann veg að maðurinn á myndinni varð alltaf fallegri og fallegri og bjartari yfirlitum en áður eftir því sem hann opnaði sig meira við annað fólk.

Ég varð ekkert fallegri - bara myndin af mér.

Persónuleikinn tók að breytast til hins betra og það var í raun ómeðvitað eða meðvitað alltaf markmiðið. Punkturinn yfir hið fræga i var síðan það að leyfa sér að brotna niður; leyfa sér að gráta; skammast sín ekki fyrir tilfinningar sínar; játa mistök sín og biðjast fyrirgefningar.

Ég mæli með þessu. Þú þarft ekki að vera pabbi eða mamma - en ég veit allavega nú að pabbar geta grátið og þeir eiga að gera það ef líðanin er þannig; og þeir eiga að vera stoltir af því að mínu mati.

Ég er stoltur af mér, núna.


STJÖRNU
GRÍS
RAW
CRAFTED
CONCEPT

prentmet Oddi

heildarlausnir í prentun



Við erum sérfræðingar í prentun bóka, almennu prentverki og framleiðslu umbúða. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.

Láttu sérfræðinga okkar aðstoða við að finna bestu, hagkvæmustu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.

Vertu hjartanlega velkomin

Umbúðir · Almenn prentun · Bækur · Límmiðar · Stimplar

Lyngháls 1, 110 Rvk 5 600 600
Eyravegi 25, 800 Selfoss 482 1944
Glerárgötu 28, 600 Akureyri 4 600 700
prentmetoddi.is

SVANSVOTTUÐ PRENTSMIÐJA · ÍSLENSKT LÁTTU PAÐ GANGA · JAFNLAUNAVOTTUN